Brødrene Moltzau
Christiania
200/1.

Eign „U. m. f. Bjarma“

í

Goðdalasókn

Skagafjarðarsýslu.

# Gerðabók

aðalfunda ungmennafjelagsins.
„Bjarma“ í Goðdalasókn.
Skagafjarðarsýslu.
ásamt lögum og meðlimaskrám
fjelagsins.
frá:

11. júní 1922 — . .

# Stofnfundargerð

Ungmenna fjelagsins: Bjarma í Goðdalasókn.

Sunnudaginn 11. júní 1922. var stofn-
-fundur U. m. f. Bjarma, haldinn í Goðdölum
að 17 mönnum viðstöddum.

Fundarstjóri var Ólafur Tómasson, og nefndi
hann Guðjón Jónsson til skrifara fyrir fundinn.

Það sem fyrir fundinum lá, var:

I. Rædd og samþykt lög fjelagsins. –

Nefnd sú sem kosin var á Lestrarfjel. fundi
21. maí s. l., til að semja lög fjelagsins lagði fram
frumvarp til laga, sem samþykt var með litlum
breytingum. (Sjá lögin)

II. Árstillag. fjelagsmanna.

Þar var samþ. svohljóðand. tillaga:
„Fundurinn samþykkir að árstillag fjelagsmanna
sje: Kr. 3,oo fyrir Karlmenn en: Kr 2,oo fyrir stúlkur.

III. Veita inngöngu í fjelagið.

Í fjelagið gengu tólf menn sem voru þessir:

| | |
|---|---|
| Eiríkur Einarsson Tunguhálsi | Ólafur Tómasson Bústöðum. |
| Guðjón Jónsson sama st. | Sveinn Tómasson s. st. |
| Guðm Ólafsson Litluhlíð. | Eyþór Tómasson s. st. |

Erlendur Einarsson Gaddölum, Skafti Magnússon Teigakoti
Guðm. Eiríksson Villinganesi, Sveinn Guðm.son. Bjarnast.hlíð
Guðlaug Egilsdóttir Hranna koti, Ingólaug Stefánsdóttir Árnastöðum

IIII. Kosin stjórn fjelagsins.

Þessir hlutu kosningu: Eiríkur Einarsson 9. atkv.
Ól. Tómasson 8 atkv. og Guðjón Jónsson 6 atkv. Til vara:
Guðm. Ólafsson 5 atkv. og Erl. Einarsson 2 atkv.

V. Kosinn söngstjóri og rætt um söngflokkinn.

Guðm. Ólafsson varð kosinn söngflokksstjóri. Tók hann
kosningu með því skilyrði að stofna þ. a. eins. flokkinn að nóg
þátttaka fengist, svo að hann sæji sjer það fært.

VI. Kosin stjórn knattspyrnuflokksins.

Var samþ. að láta það bíða næsta málfundar.

VII. Rætt um verklegar framkvæmdir fjelagsins.

Talað var um að koma upp matjurtagarði: Var samþ. svo
-hljóðandi tillaga: „Fundurinn samþ. að stjórnin skuli reyna
að fá keyptan stað fyrir kálgarð, en fremur skuldbyndi fjelags
menn sig til að leggja til vinnu og áburð í garðinn, eftir
því sem þörf krefur. Einnig var rætt um að koma
upp heyforðabúri og sam þ. þessi tillaga: „Fundurinn felur
stjórninni að reyna að fá lánaðan sleggjublett þar sem hægt
sje að heyja 20–30 hesta, sem renni að heyforðabúri:"

VIII. Ákveða hvenær næsti málfundur yrði haldinn.

Þar var samþykkt að láta stjórn fjelagsins
ákveða hvenær málfundir skyldu haldnir.
Einnig var samþ. að gefa blaðið út á næsta fundi:

IX. Kjósa fundarstjóra skrifara og málefnanefnd til næsta fundar. Þessir voru kosnir.

Erl. Einarsson fundarstjóri. Eir. Einarsson og
Guðm. Ólafsson í málefnanefnd og Ól. Tómasson skrifari.
Fundargjörð samþykkt. Fleira ekki rætt.

Fundi slitið.

Guðjón Jónsson.
ritari.

# Meðlimir

## U. m. f. Bjarma árið 1922.–23.

1. Eiríkur Einarsson Tungukoti.
2. Guðjón Jónsson s. st.
3. Ólafur Tómasson Búðstöðum.
4. Sveinn Tómasson s. st.
5. Eyþór Tómasson s. st.
6. Guðm. Eiríksson Villinganesi
7. Skafti Magnússon Teigakoti
8. Erlendur Einarsson Goðdölum
9. Snjólaug Stefánsdóttir Árnastöðum.
10. Guðlaug Egilsdóttir Hvammkoti.
11. Guðm. Ólafsson Litlu hlíð
12. Sveinn Guðmundsson Bjarnastaðahlíð.

—— II ——

# Lög U. m. f. Bjarma 1922.–23.

**1 gr.** Fjelagið heitir „Bjarmi“.

**2. gr.** Tilgangur fjelagsins er að styðja allar þær andlegu líkamlegu og verklegu framkvæmdir er áhugi fjelmanna beinist að.

**3 gr.** Fjelagið leitast við að ná tilgangi sínum með því að:

1. Halda málfundi þar sem mönnum gefist kostur á að koma saman og ræða áhugamál sín og taka ákvarðanir með hvernig þeim verði best komið í framkvæmd. (sjá 9 gr.)
2. Gefa út blað sem lesið sje upp á fundum fjelagsmanna.
3. Fá hæfan mann til að koma á stofn og stjórna söngflokk.
4. Koma á stofn knattspyrnuflokk.
5. Hafa viðskiftindi innan fjelagsins.
6. Starfa að verklegum framkvæmdum eins og hægt er.

**4 gr.** Fjelagsmaður getur hver sá orðið sem fullnægjir eftirfarandi skilyrðum. 1. Sje ekki yngri en 14 ára.
2. Skuldbyndi sig ~~til að~~ hlýða lögum fjelagsins.
3. Neyti ekki áfengra drykkja.
4. Borgi árstillagið.

**5 gr.** Fjelaginu stjórna 3 menn: formaður, ritari og gjaldkeri (fjehirðir). Skulu þeir kosnir á aðalfundi ásamt 2 varamönnum. Sje hvert ár, leynilegum kosningum, þannig að 1 gangi úr stjórninni í senn.

eftir hlutkesti fyrstu 2 árin og síðan sá sem lengst hefir verið í stjórn. Stjórnendur skulu skifta með sjer verkum. Enginn fjelagsmaður getur skorast undan kosningu nema annað hvort kjörtímabil (3 ár).

6 gr. Störfum stjórnar skal skifta þannig:

a.) Formaður ákveður aðalfundi og stjórni þeim. Skulu þeir haldnir fyrir 30 apríl ár hvert. Hann auglýsi þá með fundarboði og mögum fyrir vara og eru fundir lög mætir ef ½ fjelagsmanna mætir. Afl atkvæða ræður úrslitum allra mála.

b.) Ritari skal færa fundabók aðalfunda, innfæra þar allar aðalfundargerðir fjelagsins og ber honum að lesa þær upp til samþyktar í lok hvers fundar. Einnig skal hann halda meðlimaskrá og rita þar öll nöfn fjelagsmanna ásamt lögum fjelagsins. Bækur þessar skulu vera til sýnis á hverjum aðalfundi ásamt reikningum fjelagsins.

c.) Fjehirðir skal annast alla reikningsfærslu fjelagsins. Innheimta árstillög fjelagsmanna og veita viðtöku öðru því fje er fjelaginu áskotnast. Einnig annast útgjöld fjelagsins og gera fullnægjandi reikningsskil á hverjum aðalf.

7 gr. Árstillag fjelagsmanna ákveður aðalfundur ár hvert og skal borgast fyrir 10 október. Reikningsár fjel. er almanaksár.

8 gr. Málfundum ræður fundarstjóri. Í lok hvers fundar skal hann skipa fundarstjóra, 2 menn til að koma með málefni til umræðu og 1 fundar ~~stjóra~~ skrifara til næsta fundar og skal störfum þessum skift sem jafnast á milli fjel. manna.

9 gr. Fundarskrifarar skulu bóka dagskrá fundarins, hve margir tali, hve oft hver og einn tekur til máls í hverju máli, hvenær fundur hefst og skrifa stuttan útdrátt úr ~~ræðu~~ ræðum manna. Einnig lesa upp fundargerðina í byrjun næsta fundar og færa hana í málfundabók fjelagsins.

10 gr. Málfundir skulu haldnir, ekki sjaldnar en 6 sinnum á ári, markmið þeirra er að:

a.) Æfa meðlimi fjelagsins í að tala á fundum, rita fundargerðir, stjórna fundum og hlíta ákveðnum fundarreglum.

b.) Lesa upp á fundum til skemtunar og fróðleiks. Skal fundarstjóri sjá um það.

c.) Gefa út blað ekki sjaldnar en 4 sinnum á ári, svo fjelagsmenn geti æft sig í að rita og semja ýmsar greinar. Skal það lesið upp á fundum, en ekki ganga á milli fjelagsmanna. Stjórn fjelagsins skal skipa 4 menn í ritnefnd blaðsins er annist um útgáfu þess. Skal 1 vera ritstjóri skrifa það og lesa upp og jafnframt bera ábyrgð á öllum nafnlausum greinum. Blaðið skal heita Baldur og fundir ákveða hvenær það kemur út.

11 gr. Öllum er heimilt að sitja fundi fjelagsins og hafa þar málfrelsi, en fjelagsmenn einir hafa atkvæðis og tillögurjett.

12 gr. Fjelagsmönnum er skylt að leggja hina ríkustu áherslu á að vanda móðurmálið bæði á fundum og í blaðagreinum.

13 gr. Knattspyrnuflokkur sje í fjelaginu. Honum stjórna 2 menn sem kosnir eru ár hvert. Starf þeirra er: Að ákveða æfingar svo oft sem ástæður leyfa. Sjá flokknum fyrir knetti og annast geymslu hans. Einnig hafa eftirlit með að knattspyrnulögum sje hlýtt.

14 gr. Aðalfundur ákveður hvað vinna skuli að verklegum framkvæmdum ár hvert.

15 gr. Brjóti einhver fjelagsmanna lög fjel. hefir aðalfundur dómsvald í slíkum málum.

16. gr. Úrsögn úr fjelaginu sje skrifleg verður hún að vera komin til formanns fyrir aðalfund og viðkomandi þá skuldlaus við fjelagið.

17. gr. Lögum þessum má einungis breyta á aðalfundi og er breytingin lögleg ef 2/3 (tveir þriðju) fundarmanna samþykkja hana.

Lög þessi voru samþykt á stofnfundi Bjarma 11 júní 1922.

Guðjón Jónsson. (ritari)

# Aðalfundargerð. (1923.)

Sunnudaginn 15 apríl 1923 var aðalfundur U.M.F. „Bjarmi" haldinn að Goddölum. Formaður fjel. Eiríkur Einarsson setti fundinn og stýrði honum.

Dagskrá fundarins var:

I. Skýrt frá störfum fjelagsins s.l. ár:
Formaður skýrði frá að fjelagið hefði haldið uppi málfundum, knattspyrnum, haldið eina ágóðaskemtun ~~fyrir~~ og einnig hafa plægt blett undir kálgarð — ca 200 faðmar² að stærð — sem Sveinn Stefánsson á [illegible], hefði gefið fjelaginu.

II. Lagðir fram reikningar fjelagsins.
Gjaldkeri fjel. – Ólafur Tómasson – lagði fram ársreikning fjelagsins – endurskoðaðann af Tómasi Pálssyni [illegible]. Var hann samþ. umræðulaust. ~~[illegible]~~

III. Lög fjelagsins. Formaður las upp lögin, svo menn gætu athugað þau og kynst þeim. Voru lögin öll rædd og breytingar gerðar á 3, 4 og 9. gr. (sjá lögin hjer að aftan)

IV. Árstillag fjelagsmanna. Samþykt að hafa það eins og síðastl. ár (c: kr 3,00 fyrir karlmenn og 2,00 kr. fyrir stúlkur)

V. Knattspyrna. Samþ. að hafa hana með svipuðu fyrirkomulagi og s.l. ár. Sem formenn flokksins voru kosnir, Eiríkur Einarsson og Ólafur Tómasson.

VI. Skemtanir. Frummælandi Ól. Tómasson.
Sagði að komið hefði til orða að halda tombólu og skemtun fyrir fjelagið, en gengið illa að fá skemtana krafta.
Fundarmenn lofuðu 65 dráttum og stjórn fjelagsins falið að sjá um skemtunina. Formaður fór þess á leit við fundinn að fara skemtiferð fram á Klaustur í sumar. Voru undirtektir góðar og Hálfdán Jónasson og Ól. Tómasson kosnir til að sjá um framkvæmdir málsins.

VII. Hlunnindi fjelagsmanna. Frm. Ól. Tómasson.
Um það var lítið rætt og engin ákvörðun tekin.

VIII. Sambandsfundur Ungmennafjelaga sýslunnar.
Formaður skýrði frá að hann hefði verið sendur sem fulltrúi á sambandsfund U.m.f. sýslunnar. Málefni þar voru
1. Samband U.m.f. sýslunnar. Var þar samþ. að stofna til fundar á Sauðárkrók í vor þar sem öll U.m.f. sýslunnar geta mætt.
2. Röntgensgeislar. Fulltrúar sem mættir voru á fundinum lofuðu að leita álits manna í sínu fjelagi ~~um~~ styrk til þess máls. Aðalfundurinn samþ. að styrkja það mál ekki; – að sinni.

IX. Verklegar framkvæmdir fjelagsins. Formaður skýrði frá að fjelagið hefði tekið kálgarð til leigu í 3 ár. (í Bakkakoti)

Í því máli var samþ. þessi tillaga: „Fundurinn felur stjórn Bjarma að sjá um framkvæmdir á verkum þeim sem fjelagið hefir með höndum, og leggur til að hver fjelagsmaður láti 2 hestburði (200 kg) af góðum áburði í garðinn."

X. Kosinn einn maður í stjórn Bjarma. Eftir hlutkesti átti Eiríkur Einarsson að ganga úr stjórn en var endurkosinn með 13 atkv.

XI. Nesti á fundi. Rætt var um að fjelagsmenn hefðu nesti með sjer á fundi, en þægju sem minstar góðgerðir þar sem fundirnir væru. Var borin upp og samþykt eftirfarandi tillaga. „Fundurinn telur mjög óviðeigandi að fólk það sem sækir málfundi fjelagsins, þiggi góðgerðir hjá húsráðendum sem leifa fjelaginu hús til fundarhalda í það og það skiftið, og leggur hann því til að fundarmenn hafi sjálfir með sjer nesti."

Fleiri mál voru ekki rædd.

Fundargerð lesin upp og samþykt.

Fundi slitið.

Guðjón Jónsson
(ritari).

# Meðlimir.

## U.m.f. Bjarma 1923–24.

1. Eiríkur Einarsson Tunguhálsi.
2. Guðjón Jónsson sama stað.
3. Ólafur Tómasson Bústöðum.
4. Páll Tómasson s. st.
5. Eyþór Tómasson s. st.
6. Guðmundur Tómasson s. st.
7. Guðm. Eiríksson Villinganesi
8. Sigurður Eiríksson s. st.
9. Skapti Magnússon Teigakoti
10. Guðm. Ólafsson Litluhlíð.
11. Erlendur Einarsson s. st.
12. Sveinn Guðmundsson Bjarnastaðahlíð.
13. Hálfdán Jónasson Giljum.
14. Ingvar Jónsson Hóli.
15. Jón Stefánsson Ánastöðum.
16. Snjólaug Stefánsd. s. st.
17. Ragnar Ófeigsson Svartárdal.
18. Guðlaug Egilsdóttir Hamarsgerði.

—— // ——

# Lög. U.m.f. „Bjarma" 1923–24.

1. gr. Fjelagið heitir „Bjarmi"

2. gr. Tilgangur fjelagsins er að styðja allar þær andlegu líkamlegu og verklegu framkvæmdir er áhugi fjelagsmanna beinist að.

3. gr. Fjelagið leitast við að ná tilgangi sínum með því að:

1. Halda málfundi þar sem mönnum gefist kostur á að koma saman og ræða áhugamál sín og taka ákvarðanir með hvernig þeim verði best komið í framkvæmd.
2. Gefa út blað sem lesið sje upp á fundum fjelagsmanna.
3. Koma á stofn knattspyrnuflokk.
4. Hafa vínbindindi innan fjelagsins.
5. Starfa að verklegum framkvæmdum eins og hægt er.

4. gr. Vínbindindi sje í fjelaginu — þannig: að vín-anda má ekki neita, nema sem læknislyfs. Inngöngu í fjelagið geta menn fengið sjeu þeir 20 ára án þess að gangast undir heitið. En reknir sjeu þeir úr fjelaginu sjáist þeir drukknir og enginn má neita víns á fundum fjel.

5. gr. Fjelagsmaður getur hver sá orðið sem ~~oft~~ fullnægir eftirfarandi skilyrðum. 1. Sje ekki yngri en 14 ára
2. Skuldbyndi sig til að hlýða lögum ~~fjelags~~ fjelagsins.

6 gr. Fjelaginu stjórna 3 menn: formaður, ritari og fjehirðir. Skulu þeir kosnir á aðalfundi ásamt 2 varamönnum, 3ja hvert ár, leynilegum kosningum þannig að 1 gangi úr af stjórninni í senn, eftir hlutkesti fyrstu 2 árin og svo sá sem lengst hefir verið í stjórn. Stjórnendur skulu skifta með sjer verkum. Enginn fjelagsmaður getur skorast undan kosningu nema annaðhvort kjörtímabil. (3 ár)

7 gr. Störfum stjórnar skal skifta þannig:

a/ Formaður ákveði aðalfundi og stjórni þeim. Skulu þeir haldnir (í janúar fyrir 30 apríl) [1925] ár hvert. Hann auglýsir þá með fundarboði og nefnum fyrirspurna og er fundur lögmætur ef 1/2 fjelagsmanna mætir. Afl atkvæða ræður úrslitum allra mála.

b). Ritari skal færa fundabók aðalfunda, inn færa þar allar aðalfundargerðir fjelagsins, og ber honum að lesa þær upp til samþ. í lok hvers aðalfundar. Einnig skal hann halda meðlimaskrá og rita þar öll nöfn fjelagsmanna ásamt lögum fjelagsins. Bækur þessar, ásamt reikningum, skulu vera til sýnis á hverjum aðalfundi. c./ Fjehirðir skal annast alla reikningsfærslu fjel. Innheimta árstillög fjelagsmanna og veita viðtöku öðru því fje er fjelaginu áskotnast. Einnig annast útgjöld fjelagsins og gera fullnægjandi reikningsskil á hverjum aðalfundi.

8. gr. Árstillag fjelagsmanna ákveður aðalfundur ár hvert og skal borgast fyrir 10 október. Reikningsár fjel. er almanaksár.

9. gr. Málfundum ræður fundarstjóri. Í lok hvers fundar skal hann skipa fundarstjóra, 2 menn til að koma með málefni til umræðu, og 1 fundarskrifara til næsta fundar og skal störfum þessum skift sem jafnast á milli fjelagsmanna.

10. gr. Fundarskrifarar skulu bóka dagskrá fundarins, hve margir tali, hve oft hver og einn tekur til máls í hverju máli, hvenær fundur hefst, og skrifa stuttan útdrátt úr ræðum manna. Einnig lesa upp fundargerðina í byrjun næsta fundar og færa hana á vanal. póstpappír og senda ritara fjelagsins hana.

11. gr. Málfundir skulu haldnir ekki sjaldnar en 6 sinnum á ári. Markmið þeirra er:

a) Æfa meðlimi fjel. í að tala á fundum, rita fundargerðir, stjórna fundum, og hlíða ákveðnum fundarreglum.

b) Lesa upp á fundum til skemtunar og fróðleiks. Skal fundast sjá um það.

c). Gefa út blað ekki sjaldnar en 4 sinnum á ári, svo fjelagar geti æft sig í að rita og semja ýmsar greinar. Skal það lesið upp á fundum en ekki ganga á milli fjelagsmanna. Stjórn fjel. skal skipa 4 menn í ritnefnd blaðsins er annist um útgáfu þess. Skal 1 vera ritstjóri, skrifa það og lesa upp og jafnframt bera ábyrgð á öllum nafnlausum greinum. Blaðið skal heita „Baldur" og fundir ákveða hvenær það kemur út.

(Sbr. breytingu 1925

12 gr. Öllum er heimilt að sitja fundi fjelagsins og hafa þar málfrelsi, en fjelagsmenn einir hafa atkvæðis og tillögurjett.)

13 gr. Fjelagsmönnum er skylt að leggja hina ríkustu áherslu á að vanda móður málið bæði á fundum og í blaðagreinum.

14 gr. Knattspyrnu flokkur sje í fjelaginu. Honum stjórna 2. menn sem kosnir eru ár hvert. Starf þeirra er: Að ákveða æfingar svo oft sem (~~hægt er~~) ástæður leifa. Sjá flokknum fyrir knetti og annast geymslu hans. Einnig hafa eftirlit með því að knattspyrnulögum sje hlýtt.

15 gr. Aðalfundur ákveður hvað vinna skuli að verklegum framkvæmdum árl. tvisvar

16 gr. Brjóti einhver fjelagsmanna lög fjelagsins hefir aðalfundur dómsvald í slíkum málum.

17. gr. Úrsögn úr fjelaginu sje skrifleg og verður hún að vera komin til formans fyrir aðalfund og viðkomandi þá skuldlaus við fjelagið.

18 gr. Lögum þessum má einungis breyta á aðalfundi og er breytingin lögleg ef 2/3 (tveir þriðju) fundarmanna samþ. hana. (Lög þessi voru endurskoðuð og samþ. á aðalfundi „Bjarma" 15 april 1923. og falla þar með úr gildi eldri lög fjelagsins frá 11 júní 1922.)

Guðjón Jónsson.
(ritari).

# Aðalfundargerð. (1924.)

Fimtudaginn 24 april 1924 var aðalfundur U.M.F. „Bjarmi" haldinn í Þykkvabæ(?). Formaður: Eir. Einarsson stýrði fundi.

Dagskrá fundarins var:

I. Starfsemi fjel. s. l. ár. Formaður skýrði frá að fjelagið hefði starfrækt kálgarðinn í Bakkakoti (ca: 5½ tn. garðepl.) Haldið tombólu og 2 skemtisamkomur til ágóða fyrir fjelagið. Farið skemtiferð fram að Klaustur og auk þess haldið 6 málfundi, gefið út 4 blöð af Baldri og iðkað knattspyrnu við og við.

II. Reikningar fjelagsins. Ólafur Tómasson, gjaldkeri: lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld fjelagsins árið 1923. Sýndi hann að fjel. átti kr 276,00 í peningum. Reikningurinn var endurskoðaður og samþ. án athugasemda.

III. Framtíðar starfsemi fjelagsins:

a. Húsbyggingarmál. Formaður gat þess að á síðasta málfundi hefði verið rætt um húsbygginu fyrir fjelagið, og þar kosnir í nefnd: Ól. Tómasson, Eir. Einarss. og Sigurður Björnsson í Svartárdal. (sem gekk í fjel. á þeim fundi) til að athuga málið. Þessi nefnd var búin að safna um 500,00 kr. til byggingarinnar. Einnig kvaðst hann hafa fengið úrsagnir úr fjel. frá Erlendi Einarssyni. Guðm. Tómass. Guðlaugu Stefánsd. og Sigurði Björnssyni.

Málið var rætt töluvert og allir fjelagsmenn og 6 utanfjel.
menn sögðust vilja styrkja húsbygginguna. Alls fengust
loforð fyrir Kr. 910,00 til byggingarinnar. Samþ. var
að hafa húsið í Goðdalalandi, ef það fengist.
Síðan var borin upp og samþ. svohl. tillaga:
„Fundurinn samþ. að kosin sje 3ja manna nefnd til að
leitast fyrir um, hvort sje ódýrara að byggja húsið úr
torfi eða steinsteypu, hvað efni muni kosta, og flytji
greinilegar tillögur og skýringar á þessu atriði fyrir
næsta fund, sem haldinn sje það allra fyrsta. Á þeim
fundi sje tekin ákveðin ákvörðun um hvort húsið
skuli byggt og hvenær það skuli byggjast."
Í nefndina var kosin stjórn fjelagsins.
b. Garðrækt. Samþ. að fjelagsmenn ynnu í garðinum
eins og s. l. ár, endurgjaldslaust.
c. Knattspyrnustjórn. Eir. Einarsson og Ól. Tómasson
fóru úr stjórn knattspyrnunnar, en Ragnar Ófeigs.
og Skafti Magnússon voru kosnir í staðinn.
d. Sambandsmál U.M.F. í Skagafirði. Fundarstjóri
las upp lög „Sambands Málfunda fjel. Skagafjarðar (S.M.F.S.)
og skýrði frá að Guðjón Jónsson og Ól. Tómasson, sem kosnir
hefðu verið fulltrúar frá Bjarma á aðalfund S.M.F.S. hefðu gengið

í sambandið að sína ábyrgð, og bar upp fyrir fundinum
hvort „Bjarmi" ætti að vera áfram í sambandinu. Samþ.
IV. Kosinn 1 maður í stjórn. Eftir hlutkesti átti Ól.
Tómasson að ganga úr stjórn, en var endurkosinn með
öllum atkvæðum.
V. Árstillag fjelagsmanna. Samþykkt að hækka það
um 0,50 Kr. í Kr. 3,50 fyrir karlmenn. --
VI. Vínbindindi. Samkvæmt lögum fjel. voru eigi allir
skyldir til að vera í ströngu vínbindindi. Fundarstjóri
spurði þá með nafnakalli hvort þeir væru í ströngu bindindi.
Þessir sögðu já: Eiríkur Einarss., Ól. Tóm., Guðj. Jónss., Skaft.
Magn., Sig. Eiríks., Jón Stefáns., Kr. Sigtr.s., Guðm. Tóm., St. Guðm.s.,
Guðm. Ólafs. og Stefán Sveinsson.
Nei sögðu: Páll Tóm.s., Eyþór Tóm.s., Ing. Jónss., Stefán Jónss.
Ragnar Ófeigs., Ingvar Sveins., Hálfdán Jónasson.
Í fjelagið gengu þessir menn: Stefán Sveinsson Útvík(?)
Kristján Sigtr.son Skatastöðum. Guðm. Tómasson Bústöðum
Stefán Jónasson Ánastöðum og Ingvar Sveinsson Sölvanesi.
VII. Kosinn endurskoðandi reikninga: Ingvar Jónsson.

Fleira eigi rætt. Fundi slitið
Guðjón Jónsson (ritari).

# Aukafundargerð. 1924.

Sunnudaginn 2 nóv. 1924. var haldinn aukafundur í U.M.F. „Bjarmi.“ í Goðdölum. Fundinum stjórði Guðjón Jónsson. 2/3 fundarmanna voru mættir. Dagskrá fundarins var:

I. Rætt um matjurtagarð fjelagsins. Fundarstjóri skýrði frá tilhögun vinnu við garðinn. Hvað hann sumra fjelaga ekkert hafa unnið, en aðra meira en þeim bar, (1 dagsverk) og leitaði álits fundarins, um; hvort eigi væri rjett að þeir sem eigi hefðu unnið fullt dagsverk, borguðu það sem á vantaði, til hinna sem meir hefðu unnið, með 0,30 kr. á tíma. Var það samþ. af öllum.

II. Húsbygging. Fundarstjóri lagði fram, svohljóðandi tilboð um húsbygginguna frá Sveini Stefánssyni Tungukoti:
„Undirritaður sendir hjer með, tilboð um fundarhús og túnstæði til Ungmennafjelagsins „Bjarmi.“
1. Túnstæði 2–3 vallardagsláttur.
2. Fundahús 7 × 8 álnir auk inngangs, með timburgólfi.
3. Fjelagið hefir húsið og túnið leigulaust í 50 (fimmtíu) ár, gegn eftirgreindum skilmálum.
a) Peningar kr. 1500,00 fimmtán hundruð krónur.
b) Vinna 100 – eitt hundrað dagsverk við undirbúning og bygginguna hússins. Þetta eru stærstu drættirnir úr samningnum, auk ýmsra smærri atriða, sem jeg má ekki vera að, að skrifa, sem jeg álít að fjelagið verði að fela nefnd úr sínum flokki, að semja um við undirritaðan.“

Tunguhálsi 2/11 1924. Sv. Stefánsson.

Umræður urðu miklar um málið. Flestum sem töluðu þótti tilboðið hátt, og töldu skemtilegra að fjelagið ætti húsið sjálft þó það yrði dýrara að byggja á eigin spítur. Samt var samþ. að hafna eigi tilboðinu að svo stöddu, heldur leita eftir nánari samningum við frambjóðanda. Til þess voru kosnir: Eiríkur Einarsson og Guðm. Ólafsson. Áttu þeir að hafa lokið því fyrir næsta málfund, því þar skyldi ræða málið að nýju og helst taka fullnaðarákvörðun í þessu margumrædda húsmáli.

III. Skemtisamkoma. Fundarst. leitaði álits fundarmanna, hvort eigi væri sjálfsagt að halda samkomu fyrir fjelagið og hvenær, og hvernig skyldi haga henni. Fundarmenn töldu sjálfsagt að halda samkomuna og það sem fyrst að hægt væri. Bauðst Sveinbjörn Sveinsson til að leita samninga við Guðm. bónda í Lýtingsstöðum um að halda hana þar. Samþykkt var að borga eigi hærra en kr. 15.00 – 20.00 fyrir húsnæði og ljós. Síðan var stjórn fjelagsins falið að skipa í vitnefndir Baldurs og ákveða hvenær næst skyldi halda málfund.

Fleira var eigi rætt.

Fundi slitið.

Guðjón Jónsson (ritari.)

## Meðlimir U. M. F. „Bjarni" 1924-25.

1. Eiríkur Einarsson Mælifelli.
2. Guðjón Jónsson Tungutæalsi
3. Ólafur Tómasson Bústöðum
4. Páll Tómasson s. st.
5. Eyþór Tómasson s. st.
6. Guðm. Tómasson s. st.
7. Sveinn Guðmundsson Bjarnastaðahlíð.
8. Guðm. Ólafsson Litluhlíð.
9. Stefán Sveinsson Ölduhrygg.
10. Ragnar Ófeigsson Svartárdal.
11. Stefán Jónasson Arnastöðum
12. Jón Stefánsson s. st.
13. Hálfdán Jónasson Sölvanesi.
14. Ingvar Sveinsson s. st.
15. Ingvar Jónsson Hóli.
16. Skafti Magnússon Teigakoti
17. Sigurður Eiríksson Villinganesi.
18. Guðm. Eiríksson s. st.
19. Kristján Sigtryggsson Skatastöðum
20. Guðlaug Egilsdóttir Hamarsgerði.

—— // ——

## Aðalfundargerð (1925)

Fimtudaginn 23 april 1925 var aðalfundur U.M.F. „Bjarni" haldinn í Goðdölum. Formaður fjelagsins - Eir. Einarsson stýrði fundinum. Dagskrá fundarins var:

I. Lagður fram aðalreikningur fjelagsins; af Ólafi Tómassyni gjaldkera, og var hann endurskoðaður af Ingvari Jónssyni og var á fylgiskjali No 4. misreiknað um Kr. 2,10. sem færast til eignar á næsta árs reikningi, sjóð nam Kr. 525,58 au. Reikningurinn samþ.

II Lög fjelagsins. Vegna aðalfundar tíma S. U. M. F. S. varð að breyta aðalfundar tíma. Bjarna - og var samþ. svohljóðandi tillaga: „Í stað orðanna í 7 gr. – „Skulu þeir haldnir fyrir 30 april ár hvert" — Komi: Skulu þeir haldnir í janúar." Einnig var samþ. svohljóðandi breyting á 12 grein.
„Í stað 12 greinar í lögum U. M. F. Bjarna. Komi ný grein svohljóðandi: „Enginn utan fjelagsmaður má sitja fundi fjelagsins, nema meiri hluti mættra fjelagsmanna óski þess en fjelagsmenn einir hafa atkvæðis og tillögu rjett."

III. Sambandsmál. Guðjón Jónsson las upp aðalfundargerð S. U. F. S. ásamt hvatningabrjefi frá Sigurði Ólafssyni ritara sambandsins. Síðan voru kosnir fulltrúar til að mæta á sambandsfundi fyrir hönd Bjarna: Eir. Einarsson með 10 atkv. Ól. Tóm. - 9 atkv. og til vara G. Jónsson 8 atkv. og Ingv. J. 8 atkv.

IV. Húsbyggingarmál. Þá las G. J. uppkast af samningi sem G. Ólafs. Eir. Einarsson og Tómas Pálsson höfðu samið, og kosnir voru á síðasta málfundi til að gera samning við Sv. Stefánsson um húsbygginguna til bað[stofu]

Málið var síðan rætt töluvert, en engar verulegar breytingar gerðar á frumritinu. Samningurinn var síðan borinn upp með nafnakalli og sögðu allir fjelagsmenn sem á fundinum voru: – Já. En fjarverandi voru: Páll Tómasson, Eyþór Tóm. Skafti Magnússon Kr. Sigtr. og og Guðlaug Egilsdóttir. Síðan voru þeir G. Ó. E. E. og T. P. kosnir aftur til að hreinrita og undirskrifa samninginn fyrir fjelagsins hönd. Til vara Ing. Jónsson Hóli. Einnig var samþ. að borga kr. 5.00 –

~~Var sjóð~~ ~~fjelagssjóðs~~ til Sv. Stefánssonar, en gjafa lofað fjelagsmanna fyrir 10 okt. n. k.

V. Framtíðarstarfsemi. Formaður fór nokkrum orðum um starfsemi fjelagsins á liðna árinu og gat þess að Hálfdán Jónasson og Ing. Sveinsson hefðu sagt sig úr fjelaginu. Síðan bað hann menn ræða fyrir komulag á vinnu fjelagsmanna næsta ár. Var svohljóðandi tillaga borin upp og samþykkt.

a) – „Fundurinn samþ. að fjelagsmenn leggi eitt dagsverk í kálgarðinn á Tunguhálsi endurgjaldslaust. En þó skal hverjum fjelaga heimilt að borga kr. 5,00 fimm krónur – og losna þannig við að vinna dagsverkið, en þá skulu þeir tilkynna það stjórn fjelagsins fyrir aprílmánaðarlok n. k. Einnig samþ. fundurinn að hver fjelagi vinni eitt dagsverk hjá Sveini Stefánssyni – endurgjaldslaust upp í húsbygginguna, en garðurinn í Bakkakoti beri sjálfur sinn rekstrarkostnað." —

b.) Guðm. L. Eiríksson talaði um að fjelagsmenn ynnu einn sunnudag að heyskap í sumar, til ágóða fyrir fjelagið. Var málið rætt töluvert og síðast samþ. að hverjum fjelaga leggi fram 8 stunda vinnu ~~við~~ sumar ef engi ~~[illegible]~~ fengist.

c.) G. Jónsson kom með tillögu þess efnis að lækka skyldi árstillag fjelagsmanna um kr. 3,00 ef fjelagar legðu á sig heyskapinn endurgjaldslaust, þannig að það yrði aðeins kr. 0,50 næsta ár. Var það samþykkt.

VI. Kosinn 1. maður í stjórn. Guðjón Jónsson sem nú átti að ganga úr stjórn, var endurkosinn og til vara G. L. Eiríkss. og Ingvar Jónsson.

VII. Kosin íþróttastjórn, til að ákveða íþróttaæfingar og stjórna þeim næsta ár: Stefán Sveinsson 8 atkv. og Sig. Eiríksson með hlutkesti[?].

VIII. Kosinn endurskoðandi reikninga Ingvar Jónsson.

Fleira eigi rætt. Fundi slitið (Guðjón Jónsson ritar)

# M-e-ð-l-i-m-i-r.

U.M.F. „Bjarmi" árið 1925, og húsbyggingargjafir fjelaga.

| | | | Kr. |
|---|---|---|---|
| 1. | Eiríkur Einarsson | Sveinsstöðum. | 150,00. |
| 2. | Guðjón Jónsson | Tunguhálsi. | 60,00. |
| 3. | Ólafur Tómasson | Bústöðum. | 100,00. |
| 4. | Páll — " — | s. st. | 50,00. |
| 5. | Eyþór — " — | s. st. | 10.00. |
| 6. | Guðmundur — " — | s. st. | 10,00. |
| 7. | Sveinn Guðm. son | Bjarnastaðahlíð. | 30,00. |
| 8. | Gísli — " — | s. st. | — |
| 9. | Guðm. Ólafsson | Litluhlíð. | — |
| 10. | Björn Jónsson | s. st. | — |
| 11. | Ragnar Ófeigsson | Svartárdal. | 50,00 |
| 12. | Stefán Sveinsson | Írafelli. | 50,00 |
| (13. | ~~Stefán Jónasson~~ | Ánastöðum. (dáinn) | 30,00 |
| 14. | Jón Stefánsson | s. st. | |
| 15. | Ingvar Jónsson | Hól. | 25,00 |
| 16. | Sigurður Eiríksson | Villinganesi. | 75,00 |
| 17. | Guðm. Þ. Eiríksson | s. st. | — |
| 18. | Kristján Sigtryggsson | Skatastöðum. | 10,00 |
| 19. | Skafti Magnússon | Efra Koti. | 50,00 |
| 20. | ~~Guðlaug Egilsdóttir~~ | Sveinsstöðum. | 700,00 |

Samtals: Kr. 700.00.

## Aðalfundargerð. (1926.)

Laugardaginn 30 janúar 1926 var aðalfundur U.M.F. „Bjarmi" haldinn á Tunguhálsi. Fundarstjóri var Eiríkur Einarsson form. fjel.

Dagskrármál voru þessi:

I. Reikningar fjelagsins. Ólafur Tómasson gjaldkeri lagði fram aðalreikning Bjarma fyrir árið 1925. En þar sem fjehirðir hafði eigi getað fengið innfærða vexti af innistæðu fjel. í sparisjóði Sauðárkróks fyrir s.l. ár var samþ. að geyma reikninginn og leggja hann fram endurskoðaðan á fundi síðar til samþykktar.

II. Starfsemi fjelagsins: a) Kálgarður: Formaður talaði fyrst um Kálgarð fjelagsins á Tunguhálsi og hvatti fjelaga til að starfrækta hann sem best. Eftir nokkrar umræður var svohljóðandi tillaga samþ. af öllum mættum fjelögum: „Fundurinn samþ. að fjelagsmenn leggi til og flytji 2 hestburði hver, af möluðum áburði í garð fjelagsins. Enn fremur að leggja saman einn sunnudag í vor, er hentugast þykir. Stingi garðinn upp og girði hann. Þeir fjelagar sem ekki vinna borgi vinnuna jafnlang-an tíma og hinir unnu 50 aura á tímann. Annars skal keypt vinna við niðursetningu, upptekningu og við hreinsun illgresis."

b) Heyskapur: Um hann var töluvert rætt og voru undirtektir fjelaga mjög góðar og síðast samþ. eftirfarandi tillaga:

„Fundurinn samþykkir að fjelagsmenn vinni að heyskap fyrir fjelagið

6 Klukkustundir n. k. sumar ef engi fast. Geti einhver ekki sint heyskap þegar ákveðið er greiði þeir Kr 10,00 til U.M.F. hafi þeir eigi veikinda forföll sjer til afsökunar, — en sje svo þá Kr. 6,00, og ef um lengri ~~tíma~~ veikindi er að ræða þá borgi sá ekki neitt. Vinni auk þess 2 dagsv. upp á húsbygginguna

c) Íþróttir: Formaður vakti máls á því, að nauðsyn væri að sinna íþróttum meira en gert hefði verið. Var skorað á fjelagsmenn að koma sjer upp glímubeltum. Síðan voru kosnir til að sjá um íþróttir næsta ár: Páll Tómasson, Guðm. Tómasson og til vara Guðjón Jónsson.

III. Árstillag fjelagsmanna. Samþ. að það yrði Kr 0,50 einsog s. l. ár, sem gengi til að greiða tillag fjelagsins í S.U.M.F.

IV. Hlutavelta: Ólafur Tómasson talaði um að koma upp hlutaveltu og skemtun fyrir fjel. á „sumardaginn fyrsta.“ Voru allir því meðmæltir og var hverjum fjelaga falið að safna drættum og koma þeim til stjórnar Bjarma í tæka tíð. Einnig var Ól. T. falið að kaupa grúnling ~~og~~ fyrir hönd fjelagsins og stofna gafnframt til happdrættis ef tiltæki legt yrði.

V. Kosin 1. maður í stjórn. Eir. Einarsson átti að þessu sinni að ganga úr stjórn Bjarma, en var endurkosinn með öllum atkv. Endurskoðandi reikninga: Ingvar Jónsson einnig endurkosinn.

VI. Veitingar. Ingvar Jónsson vakti máls á því að óviðeigandi væri að þyggja góðgerðir á fundarstað fjelagsins. Voru allir því máli hlyntir og óskuðu eftir því við hús ráðendur að eigi væri hugsað um veitingar á fundum fjelagsmanna.

VII. Vínbindindi: Guðjón Jónsson hóf umræður um bindindis ákvæði það sem samþ. var á aðalfundi 1924.

Var mjög mikið um málið rætt og skoðanir skiftar, var meiri hluti fjelaga á móti vínbindindis ákvæðinu, en síðast lofuðu allir mættir fjelagsmenn, — nema Ragnar Ófeigsson og Sv. Guðmsson að láta eigi sjá sig drukkna.

Fjarverandi voru: Guðm. F. E. Skafti Magnússon, Kr. Sigtryggsson og Jón Stefánsson.

Fleiri mál ekki rædd.

Fundi slitið.

Guðjón Jónsson.

(ritari)

13.

## Meðlimir U.M.F. „Bjarmi" 1926.

1. Eiríkur Einarsson Sveinsstöðum
2. Þorgeir Jónsson Hól
3. Jón Stefánsson Árnastöðum
4. Stefán Sveinsson Írafelli.
5. Ragnar Ófeigsson Svartárdal
6. Skafti Magnússon Þorsteinsst. Koti.
7. Kristján Sigtryggsson Skatastöðum.
8. Björn Jónsson Litluhlíð.
9. Guðm. Ólafsson s. st.
10. Sveinn Guðm. son Bjarnastaðahlíð
11. Gísli -"- s. st.
12. Ólafur Tómásson Bústöðum.
13. Guðm. -"- s. st.
14. Páll -"- s. st.
15. Guðjón Jónsson Tunguhálsi
16. Sigurður Eiríksson Villinganesi
17. Guðm. J. -"- s. st.

## Aðalfundargerð. (1927)

Laugardaginn 26 febrúar 1927 hélt U.M.F. „Bjarmi" aðalfund á Tunguhálsi. Á dagskrá voru þessi mál:

I. Starfsemi s.l. ár. Formaður setti fundinn og skýrði frá því, að félagið hefði haldið 5 málfundi gefið út 4 blöð, og gert og starfrækt matjurtagarðinn og fengið úr honum 4 tunnur af jarðeplum. Stæði þess unnið upp í húsbygginguna. Las síðan úrsögn úr fél. frá Kr. Sigtr. syni og kvað Björn Jónsson hafa flutt burtu af félagssvæðinu, og þakkaði þeim góða samvinnu. Einnig mundi Skafti Magnússon flytja burtu og var samþ. að taka gilda úrsögn frá honum þó síðar kæmi en ákveðið er í lögum. Formaður talaði einnig um að eigi hefði orðið af því að fél.menn hefðu heyjað, þar sem ekki þekktist engi. Var samþ. að sleppa gjaldi því er ákveðið var á síðasta aðalfundi.

II. Reikningar. Gjaldkeri – Ól. Tóm. lagði fram endurskoðaðan aðalreikning félagsins: Sýndi hann að búið var að greiða byggingar tillag félagsins, sem ca: 20,00 kr. og félagið því skuldlaust að mestu. Reikningurinn var samþ. umræðulaust.

III. Framtíðar störf. a/. Formaður fór nokkrum orðum um framtíðar störf og skyldur félaga næsta ár. Var rætt um það nokkuð og síðan lögð fram, og samþ. með öllum greiddum atkv. eftirfarandi tillaga: „Árstillag félaga næsta ár, skal vera Kr. 5,50 fyrir þá sem eldri eru en 20 ára – en Kr. 3,50 fyrir hina sem yngri eru, og ef um stúlkur

vari að ræða. En þar á móti sjer fjelagið um nefskatt þann sem greiða
þarf S.U.F.S. Einnig telur fundurinn rjettast að kaupendur Skin-
-faxa greiði andvirði hans með árstillaginu. Skylt er og hverjum
fjelaga að leggja til og flytja ókeypis í garðinn 2 hestburði (200 kg.) af
góðum möluðum húsdýraáburði. Að öðru leyti skal garðurinn bera
sig sjálfur, og stjórnendum falið að annast um vinnu og aðra fram-
kvæmdir er að garðinum lúta. Skyldur er hver fjelagi að vinna
Sveini á Tungubóli eitt dagsverk á næsta ári. Skal stjórninni
falið að semja við Svein um það sem eftir verður að vinna."
b.) Málfundir: G. Jónsson hóf umræður um málfundi og las tillögu þar
að lútandi. Urðu mjög miklar umræður um málið, og kom fram breyt-
-ing frá Ól. Tómassyni. Var tillagan síðast samþ. svohljóðandi:
„ Nú þegar skal kosin 3ja manna nefnd, fundarstjóri, skrifari og 5
menn til að flytja málefni, og annað það er til skemtunar og fróðleiks
heyrir á fundum s. s.: upplestur á kvæðum, sögum, skrýtlum æfintýrum
Íslendingasögum, segja sögur og flytja frumsamda fyrirlestra. Skal
nefndin kjósa þessar skemti og fróðleiksnefndir til 3ja funda í senn.
Einnig skal sungið í byrjun og enda hvers fundar, og iðkaðar íþróttir
Aðallega glímur, enda sje nefndin einnig íþróttastjórn. Ætíð skulu fundir
haldnir þó fáir mæti (t.d. 4-5 menn) og ákveða þeir hvenær næsti fundur
verði. Ef ræða á málefni, skal framsögum. skýra frá á næsta fundi
á undan hvað ræða skal og hvernig. Nefndin getur leyft umræður

á eftir hverju einstöku sem gert er, ef þurfa þykir, en að sjálfsögðu
skal hún eigi klýfja sjálfri sjer við störfum, og leytast við að gera
þátttöku sína almenna og fundi og svo fjölbreytta, sem frekast er unt.
Utanfjelagsmenn er fundi sitja skulu skyldir að lúta þar sömu lög-
-um og fjelagar, hvað þátttöku í umræðum snertir."
Kosningu í nefndina hlutu Eir. Einarss. Ól. Tóm. Guðjón Jónss., til vara Páll
Tóm. og Ingvar Jóns.
c) Formaður hóf máls á því hvort fjelagið vildi ekki styrkja byggingu
sundstaðis hjá Reykjum. Mælti hann og fleiri með því og sjera Tr. Kvaran
sem staddur var á fundinum talaði einnig fyrir málinu og hvatti fjelögin
til samvinnu. Eftir miklar umræður var samþ. þessi tillaga:
„ Málfundur U.M.F. Bjarmi samþykkir að leggja kr. 100,00 eitt hundr.
krónur til byggingar sundstaðis hjá Reykjum — gegn því, að njóti þar
sömu hlunninda og fjelagar. Framfarar. Skal hálf upphæðin
greiðast úr fjelagssjóði, en helmingi jafnað niður á fjelagsmenn."
IV. Kosnir til að mæta á sambandsfundi: Ingvar Jónsson og Páll Tómasson
Til vara: Eiríkur Einarsson og Ólafur Tómasson.
V. Ól. Tómasson endurkosinn í stjórn með öllum atkv. Einnig var
Ingvar Jónss. endurkosinn til að yfirfara reikninga fjelagsins.
VI. Guðjón Jónsson talaði um að stofna algjört vínbindindi innan
fjelagsins. Voru undirtektir misjafnar í fyrstu. Sjera Tryggvi Kvaran
hjelt ágætar tölur í málinu, og hvatti menn til að hafa sigi meiri en þeir

breyttu sjer til að efna. Eftir miklar umræður lagði framsögum. svohljóðandi tillögu fyrir fundinn: — skyldi það verða ný lagagrein og koma í stað 4 gr. í lögum fjelagsins, er þá fjelli burtu:—
„(4 gr.) Allir fjelagsmenn eru skyldir að vera í vínbindindi og sjeu þeir rækir úr fjelaginu, verði þeir uppvísir að neyta vínanda áfengra drykkja. Brjóti einhver í fjelaginu bindindið skal hann þó eigi rækur úr þvi við fyrsta brot, — lofi hann og leggi við drengskap sinn að brjóta eigi aftur." Var tillagan borin upp breytingalaust, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu allir mættir fjelagar já. En fjarverandi voru Guðm. Ólafss. og Ingvar Jónsson, sem báðir höfðu áður, mælt með bindindi. Í fjelagið gengu á fundinum: Guðm. Eiríksson Breið og Stefán Erlendsson Gilhaga. Einnig hafði Sigurður Egilsson Sveinsstöðum gengið í fjel. á sl. sumri en dvaldi fjarvistum og gat eigi mætt.

VII. Skemtiferð: Guðm. Z. Eiríkss. mælti fyrir því að fjelagar færu skemtiför í vor, helst í fjelagi með fjel. „Framför". Var helst talað um að fara vestur í Vatnsdal. Samþ. var þessi tillaga frá Ól. Tómassyni: „Aðalfundur U.M.F. „Bjarmi" samþykkir að leyta álits fjelaga Framfarar hvort þeim ekki syndist tiltækilegt að Vatnsdalsför sú sem fyrirhuguð var vorið 1925 gæti hlaupið af stokkunum n.k. vor. Finst fundinum þetta geta orðið hvöt til skemtunar og fróðleiks fyrir þá sem geta tekið þátt í förinni."

Fundurinn hafði nú staðið slitlaust, nærri alla nóttina, eða um 9. klst. Voru því fleiri mál eigi rædd, — en samþ. að lesa og samþ. fundargerðina á næsta málfundi. Var fundi síðan slitið. Sungu menn að skilnaði: „Himnafaðir hjer" — og hjeldu síðan heim til sín í rökkur-bjarma-nýbyrjaðs dags.

G. Jónsson (ritari)

# Meðlimir U. M. F. „Bjarmi" 1927.

1. Eiríkur Einarsson Breiðargerði. formaður.
2. Ólafur Tómasson Bústöðum. fjehirðir.
3. Guðjón Jónsson Tungukoti. ritari.
4. Ingvar Jónsson Hóli.
5. Guðmundur Eiríksson Breið.
6. Sigurður Egilsson Sveinsstöðum.
7. Stefán Erlendsson Gilhaga.
8. Stefán Sveinsson Írafelli.
9. Ragnar Ófeigsson Svartárdal.
10. Jón Hern. Stefánsson Ánastöðum.
11. Sigurður Eiríksson Villinganesi.
12. Guðmundur Z. Eiríksson s. st.
13. Sveinn Guðmundsson Bjarnastaðahlíð.
14. Gísli Guðm. son s. st.
15. Páll Tómasson Bústöðum.
16. Guðmundur Tómasson s. st.
17. Guðmundur Ólafsson Litluhlíð.
18. Sigurjón Sveinsson Giljum.

# Aðalfundargerð. (1928)

Laugardaginn 7 janúar 1928, var aðalfundur U.M.F.
Bjarmi haldinn á Tungubálsi. Þessi mál voru rædd:
I. Starfsemi félagsins s.l. ár. Formaður setti fundinn og las
úrsögn úr félaginu frá Ólafi Tómassyni, er sagðist segja sig úr
félaginu vegna vínbindindisins. Einnig kom úrsögn frá Ragnari
Ófeigssyni. Síðan fór form. nokkrum orðum um störf á síðasta ári.
Málfundir voru haldnir 6, gefin út 3 blöð af Bakki, unnið upp-
húsbyggingunna, og garðurinn starfræktur með alt að því ½ minni
tekjum en tilkostnaði.
II. Reikningar fél. s.l. ár. Formaður lagði fram reikninga
fél. endurskoðaða af Ingvari Jónssyni, þar sem gjaldkeri var sig
mættur. Aðalreikningur sýndi að húsbyggingargjaldið var
greitt að fullu og í sjóði og útistandandi saml. Kr. 100.00
Reikningarnir voru síðan samþyktir.
III. Framtíðarstörf. 1. Málfundir. Rætt var um tillögur
þær um málfundina er samþ. voru á aðalfundi síðasta árs.
Var samþ. að hafa fundina með sama sniði þetta ár.
Í málfundanefnd voru kosnir: Eir. Einarss. Ingvar Jónsson og
Guðjón Jónsson. Til vara Páll Tóm. og Guðm. L. Eiríksson.
2. Íþróttir: Nefnd sú er kosin var á síðasta málfundi: (G.Þ. & S.
L. G.) lagði til að eigi yrði neinn áhvörðun tekin í því máli fyr en
væntanlegt íþr.námskeið á Reykjum væri afstaðið.
3. Matjurtagarðurinn. Reikningar sýndu að stórtap hafði
orðið á rekstri hans s.l. ár. Var mikið rætt um það, hvort starf-
rækja ætti garðinn áfram, voru menn eigi á eitt sáttir með það.
Síðast var samþ. svohljóðandi tillaga: „Fundurinn samþ.
að taka lítinn hluta garðsins – eða það sem útsæði er til í. Bera
þar í mold svo mikla sem þurfa þykir, og vanda allan undir-
búning undir sáninguna eftir því sem hægt er. Hver félagsmaður
leggi til einn hestburð af góðum moldum (?) húsmunings-ahöldi.
Stjórn félagsins sjái um framkvæmdir á þessu, og helst ef hægt
væri án sérstakra útgjalda fyrir félagssjóð.
4. Samþykt að hver félagsmaður vinni 1. dag upp í húsbygging.
5. Blóma og trjárækt. Formaður las langt erindi frá Lilju
Sigurðardóttur á Víðivöllum, um blóma og trjáujurta rækt;
þar sem hún býðst til þess, að leiðbeina við að koma upp mat-
jurta og skrúðgörðum á bæjum, og útvega alt fræ og plöntur
gefins, en hlutaðeigendur og félög í hreppnum legðu fram ca:
Kr. 40.00–50.00 upp í kostnað og kaup garðyrkjukonunnar.
Félagar voru allir eindregið fylgjandi þessu máli og samþ.
eftirfarandi tillögu: „Fundurinn samþ. að U.M.F. Bjarmi
taki tilboði því sem borist hefir frá Lilju Sigurðardóttur um
að leiðbeina í garðyrkju, hér í sókninni, og ábyrgjast kostnað sem af því
leiðir.

Gáfu sig strax fram 10 af fjelögum, sem ætluðu að taka tilboði þessu.

2. Heimilisiðnaður: Sig. Eiríkss. talaði um heimilisiðnað, og var samþ. að leyta upplýsinga um hvað kosta mundi að halda námskeið í því skyni.

3. Árstillag var samþ. að hafa eins og s.l. ár. (kr. 5.50 og 3.50.)

IV. Kosnir fulltrúar á aðalfund S.U.F.S.: Eir. Einarsson og G. Jónsson. Til vara: Ingvar Jónss. og Páll Tómasson.

V. Kosnir 2 menn í stjórn fjel. Guðj. Jónsson með 11 atkv. til 3ja ára og Páll Tómass. með 5 atkv. til 2ja ára. Til vara Guðm. Ólafsson 4 og Sigurður Eiríksson. 3

Er slíta átti fundi stóð Guðm. Tómass. upp og lýsti því yfir að hann segði sig úr fjel. af því að vínbindindið hefði gert [illegible] Bálunum þetta ár, þar eð hann hefði verið [illegible] á sömum [illegible]: að hafa drukkið sig fullan. Umræður urðu töluverðar um þetta tiltæki Guðm. og málið í heild, og voru skoðanir skiftar, en engin tillaga kom fram að breyta bindindinu.

Tveir af fjelögum voru fjarverandi, þeir: Gísli Guðm.son og Sig. Egilsson. Fleiri mál voru eigi rædd. Fundargerð lesin og samþykkt. Síðan var fundi slitið og nokkur lög sungin að skilnaði, var þá langt liðið á nótt, er hver hjelt heim til sín.

Guðjón Jónsson
(ritari)

# Meðlimir U.M.F. Bjarma árið 1928.

1. Eiríkur Einarsson Breiðargerði.
2. Guðm. Eiríksson Breið.
3. Ingvar Jónsson Hóli.
4. Sigurður Egilsson Sveinsstöðum.
5. Stefán Erlendsson Gilhaga.
6. Stefán Sveinsson Þrafelli.
7. Jón Stefánsson Ánastöðum.
8. Sveinn Guðmundsson Bjarnastaðahlíð.
9. Gísli Guðmundsson s. st.
10. Guðm. Ólafsson Litluhlíð.
11. Sigurjón Sveinsson Gilgum.
12. Páll Tómásson Bústöðum.
13. Guðjón Jónsson Tungruhálsi.
14. Sigurður Eiríksson Villinganesi.
15. Guðm. Z. Eiríksson s. st.

# A=ð=a=l=f=u=n=d=a=r=g=e=r=ð. (1929.)

Að kveldi, laugardagsins 9. febr. árið 1929, var aðalfundur U.M.F. „Bjarmi" haldinn á Tunguhálsi. Veður var eigi sem best og aðeins 6 fjelagar eða rjettur helmingur starfandi fjelagsmanna mættur og fundur því lögmætur ályktunarfær.

Þessi mál voru rædd:

I. Starfsemi s.l. ár. Formaður stjórnaði fundi og skýrði frá því að Sigurjón Sveinsson Páll Tómasson og Stefán Erlsson hefðu sagt sig úr fjelaginu. Og að á s.l. ári hefði fjel. haldið 5 fundi gefið út 3 blöð af Baldri, unnið upp í húsbyggingu, starfrækt hluta af kálgarðinum og gengist fyrir að Lilja Sigurðardóttir hefði ferðast um fjelagssvæðið og kennt á fót matjurta, trjá og blómagörðum á flestum bæjum í sókninni.

II. Reikningar. Guðjón Jónsson, — sem tekið hafði að sjer gjaldkera starfið, þetta ár; af því að Páll Tómásson hafði neitað að gegna því, — lagði fram aðalreikning ársins 1928; endurskoðaðan af Ingvari Jónssyni. Reikningurinn var samþ. athugasemdalaust og sýndi hann að fjel. átti í sjóði tæplega 170.00 Krónur, og hafði þó greitt á árinu kr. 100.00 í styrk til sundstaðis hjá Reykjum.

III. Lög fjelagsins. Sig. Eiríksson og G. Jónsson, — sem kosnir höfðu verið á síðasta málfundi til að endurskoða lög fjel. — lögðu fram frumvarp til breytinga. Voru þar gerðar breytingar við 3, 5, 7, 9–11, 12 og 14. gr. Var frumvarpið samþ. næstum því óbreytt og lögin í heild samþ. með áorðnum breytingum. (Str. lögin byrjað aftar.)

IV. Framtíðar störf: a). Ræktun: Eir. Einarsson og Sig. Eiríksson höfðu umræður um túnrækt. Vildu þeir láta fjel. hefjast handa í því máli. Var eftir nokkrar umræður samþ. svohljóðandi tillaga: „Fundurinn samþ. að kjósa 2 menn, til að undirbúa túnræktarmálið fyrir næsta málfund fjelagsins, leggja fram kostnaðaráætlun og leita eftir hæfum bletti til ræktunarinnar." Kosnir voru E. E. og S. E.

b). Kálgarðurinn: Talað var um starfrækslu garðsins næsta ár. Var eigi talið gerlegt að auka kartöflurækt mikið frá s.l. ári, vegna þröngs markaðar, en vinna heldur allan garðinn og sá í hann höfrum. Þessi tillaga var samþ. í málinu: „Fundurinn samþ. að stjórninni sje falið að sjá um framkvæmd á vinnu í garði fjel. á sem hagkvæmastan hátt og sje vinnan kostuð af fjelagssjóði; tímakaup fari eigi yfir 40 aura á tíma fyrir mann, og ~~15~~ 20 au. fyrir hesta." ——

c). Málfundir: Samkvæmt lögum fjel. var rætt um fyrirkomulag málfunda á næsta ári og var samþ. að haga þeim eins og tvö undanfarin ár. (Sjá tillögu 1927) Í málfundanefnd voru kosnir: E. Einarsson, G. Jónsson og G. L. Eir.
d). Vinna: Samþykkt var að fjelagar ynnu eitt dagsverk upp í húsbygginguna, en það sem eftir yrði að vinna yrði borgað í peningum úr fjelagssjóði.
e). Skemtun: Rætt var um að fjelagið hjeldi skemti samkomu á hentugum tíma að vori, og yrði vandað til hennar sem best.
f). Hússamningur. Þá talaði formaður um að húsbyggingarsamningur fjel. hefði eigi verið stimplaður og þinglesinn í tíma ~~til~~ samkv. lögum – til að sleppa við sektir. Til að komast hjá útgjöldum er af þessu leiddu, var samþykkt, – með öllum atkvæðum – að gera samninginn upp aftur í samráði við Svein, og undirrita hann fyrir fjel. hönd og voru til þess kosnir sömu menn og áður þeir: Guðm. Ólafss. Eir. Einarsson og Ingvar Jónsson.
g). Heyskapur og árstillag. Sig. Eiríksson vakti máls á því að fjelagar heyjuðu á komandi sumri, helst þannig, að þeir ynnu fyrir kaupi ca. 6 tíma hjá einhverjum sem vinnumar þyrfti. Skyldi það vera sem auka kvöð er fjelagsmenn legðu á sig til styrktar ræktun eða öðru nytja fyrirtæki á næsta ári. Var einnig rætt um árstillagið í því sambandi en skoðanir skiftar og síðast samþ. þessi tillaga: „Þar sem svo fáir fjelagar eru mættir á fundi, skal geyma frekari atkvæðagr. um árstillag og heyskap til næsta málfundar og þar taka löglega atkvæði um þau mál, sem á aðalfundi væri."
h). Minst var á að fjós[?] vantaði í hús fjelagsins, og var stjórninni falið að kaupa þau.
i). Íþróttir. Rætt var um hvort engin tök væru á því að efla íþróttastörf í fjelaginu með því að halda námskeið, eða á einhvern annan hátt, og sjerstaklega með tilliti til barna sem í fjel. kynnu að ganga vegna lækkunar aldurstakmarksins. Guðm. L. Eiríksson bar fram eftir farandi tillögu í málinu: „Fundurinn samþykkir að efna til íþróttanámskeiðs á komandi vetri, ef nægileg þátttaka fæst – og aðrar ástæður leifa. – og er stjórninni falið að annast um framkvæmd." Samþykkt. Einnig var rætt um að fjel. gengi í Í.S.Í. þar sem líklegt var talið að flest eða öll önnur fjelög sýslunnar myndu ganga í samb. Var engin atkvæði um það tekin.
V. Kosnir 2 menn í stjórn: Eir. Einarsson til 3ja ára og Sig. Eiríksson til eins árs. Varastjórn: Ing. Jónsson form. G. L. E. gjaldkeri og G. Eirs. ritari.
VI. Kosinn fulltrúi á ~~aðal~~ sambands fund: G. L. Eiríksson. Til vara: G. Jónss.

VIII. Endurskodandi reikninga endur kosinn Ingvar Jónsson Hóli.
Fleiri mál voru ekki rædd.
Fundargerð samþykkt.
Fundi slitið.

Guðjón Jónsson
ritari.

# Lög U.M.F. „Bjarni“ árið 1929.

1. gr. Fjelagið heitir „Bjarni“.
2. gr. Tilgangur fjelagsins er að styðja allar þær andlegu líkamlegu og verklegu framkvæmdir er áhugi fjelagsmanna beinist að.
3. gr. Fjelagið leitast við að ná tilgangi sínum með því að:
a). Halda málfundi þar sem mönnum gefist kostur á að koma saman og ræða áhugamál sín og taka ákvarðanir um hvernig þeim verði best komið í framkvæmd.
b). Gefa út blað sem lesið sje upp á fundum fjelagsmanna
c). Iðka íþróttir í fjelaginu.
d). Hafa vínbindindi innan fjelagsins.+
e). Starfa að verklegum framkvæmdum eins og hægt er.
4. gr. Allir fjelagsmenn eru skyldir að vera í vínbindindi og sjeu þeir reknir úr fjelaginu, verði þeir uppvísir, að neyta viljandi áfengra drykkja. Brjóti einhver í fjelaginu bindindið skal hann þó eigi rekinn úr því við fyrsta brot - lofi hann og leggi við drengskap sinn að brjóta eigi aftur.
5. gr. Fjelagsmaður getur hver sá orðið, sem fullnægir eftirfarandi skilyrðum: a). Sje ekki yngri en 10 ára.
b). Skuldbindi sig til að hlýða lögum fjelagsins.

**6 gr.** Fjelaginu stjórna þrír menn: formaður, ritari og fjehirðir. Skulu þeir kosnir á aðalfundi ásamt 3 varamönnum 3ja hvert ár, leynilegum kosningum, þannig: að einn gangi úr stjórninni í senn, eftir hlutkesti fyrstu 2 árin, og svo sá sem lengst hefir verið í stjórn.

Stjórnendur skulu skifta með sjer verkum. Enginn fjelagsmaður getur skorast undan kosningu nema annað hvert kjörtímabil. (3 ár.)

**7 gr.** Störfum stjórnar skal skifta þannig:

a). Formaður ákveði aðalfundi og stjórni þeim. Skulu þeir haldnir í janúar ár hvert. Hann auglýsir þá með fundarboði og nægum fyrirvara, og eru fundir lögmætir ef (2/3)
½ (breyting 1930) fjelagsmanna mætir. Afl atkvæða ræður úrslitum allra mála.

b). Ritari skal færa fundabók aðalfunda, innfæra þar allar aðalfundargerðir fjelagsins, og ber honum að lesa þær upp til samþyktar, í lok hvers aðalfundar. Einnig skal hann halda meðlimaskrá og rita þar nöfn allra fjelagsmanna, ásamt lögum fjelagsins. Bækur þessar ásamt reikningum skulu vera til sýnis á hverjum aðalfundi.

c). Fjehirðir skal annast alla reikningsfærslu fjelagsins. Innheimta árstillög fjelagsmanna og veita viðtöku öðru fje er fjelaginu áskotnast. Einnig annast útgjöld fjelagsins og gera fullnægjandi reikningsskil á hverjum aðalfundi.

**8 gr.** Árstillag fjelagsmanna ákveður aðalfundur ár hvert, og skal borgast fyrir 10 október. Reikningsár fjelagsins er almanaksárið.

**9. gr.** Málfundum ræður fundarstjóri. Skulu þeir haldnir svo oft sem ástæður leyfa. Markmið þeirra er:

a). Æfa meðlimi fjelagsins í að tala á fundum, rita fundargerðir, stjórna fundum og hlíta ákveðnum fundareglum.

b) Lesa upp á fundum til skemtunar og fróðleiks.

c) Gefa út blað – ekki sjaldnar en 3var sinnum á ári – svo fjelagar geti æft sig í að rita og semja ýmsar greinar. Skal það lesið upp á fundum, en ekki ganga á milli fjelagsmanna. Sá sem ritar blaðið ber ábyrgð á öllum nafnlausum greinum. Blaðið skal heita „Baldur" og fundir ákveða hvenær það kemur út.

**10 gr.** Fundarskrifarar skulu bóka dagskrá fundarins, hve margir tali, hve oft hver og einn tekur til máls í hverju máli, hvenær fundur hefst, og rita stuttan útdrátt úr ræðum manna.

Einnig lesa upp fundargerðina í byrjun næsta fundar og færa hana á vanalegan póstpappír og senda ritara fjelagsins hana.

**11. gr.** Aðalfundur semur reglur um fyrirkomulag málfunda ár hvert. Skal kappkosta að gera þá eins fjölbreytta og frekast er unt og skifta störfum sem jafnast á fjelagsmenn.

**12 gr.** Öllum er heimilt að sitja fundi fjelagsins og hafa þar málfrelsi, en fjelagsmenn einir hafa atkvæðis og tillögurjett.

**13. gr.** Fjelagsmönnum er skylt að leggja hina ríkustu áherslu á að vanda móðurmálið, bæði á fundunum og í blaðagreinum.

**14. gr.** Íþróttir skulu iðkaðar í fjelaginu. Aðaláherslu skal leggja á glímur og auk þess: sund, knattspyrnu, stangastökk og aðrar almennar íþróttir. Fjelaginu ber einnig að beyta sjer fyrir útbreiðslu Müllerskerfisins meðal fjelaganna og leggja mikla áherslu á að auka áhuga og skilning á gildi íþróttaiðkana; sjerstaklega á meðal yngri meðlima fjelagsins. Aðalfundir hafa ákvörðunarvald um framkvæmd íþrótta.)

**15. gr.** Aðalfundir ákveða hvað menn skuli að verklegum framkvæmdum að [illegible]

**16 gr.** Brjóti einhver fjelagsmaður lög fjelagsins, hefir aðalfundur dómsvald í slíkum málum.

**17. gr.** Úrsögn úr fjelaginu sje skrifleg, og verður hún að vera komin til formanns fyrir aðalfund, og út komandi þá skuldlaus við fjelagið.

**18. gr.** Lögum þessum má einungis breyta á aðalfundi, og er breytingin lögleg ef 2/3 ~~fjelags~~ fundar manna samþykkja hana.

— —— || —— —

( Lög þessi voru endurskoðuð og samþykkt á aðalfundi Bjarma 9. febr. 1929 og falla þar með úr gildi öll eldri lög fjelagsins.)

Guðjón Jónsson

(ritari.)

# Meðlimir U. M. F. Bjarma 1929.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Eiríkur | Einarsson | Breiðargerði. |
| 2. | Guðm. | Eiríksson | Breið. |
| 3. | Yngvar | Jónsson | Hóli. |
| 4. | Sigurður | Egilsson | Sveinsstöðum. |
| 5. | Stefán | Sveinsson | Ytra felli. |
| 6. | Jón | Stefánsson | Atlastöðum. |
| 7. | Sveinn | Guðmundsson | Bjarnastaðahlíð. |
| 8. | Gísli | Guðm. son | s. st. |
| 9. | Guðm. | Ólafsson | Litluhlíð. |
| 10. | Guðjón | Jónsson | Tungukoti. |
| 11. | Sigurður | Eiríksson | Villinganesi. |
| 12. | Guðm. | L. Eiríksson | s. st. |

## A-ð-a-l-f-u-n-d-a-r-g-e-r-ð 1930

Miðvikudaginn 9 apríl 1930, var aðalfundur U.M.F. „Bjarmi" ákveðinn að Tunguhálsi. Hafði 2var verið boðað til hans áður, án þess að lögmætur hefði orðið, og eins fór að þessu sinni. Tóku fundarmenn því það ráð, að halda á heimili formanns að Breiðargerði, af því að hann gat eigi mætt, og varð fundur þar lögmætur að kalla; 9 af 13 fjelagsmönnum mættir.

Formaður – Eir. Einarsson – setti fundinn og var fyrsta mál: **Starfsemi s.l. ár.** Formaður skýrði frá að fjelagar hefðu heyjað um 20 hesta s.l. sumar og ágóði af því orðið um kr. 11.00 sem hefði átt að ganga til íþróttanámskeiðs, sem aldrei komst á vegna ónógrar þátttöku. Kálgarðurinn starfræktur að litlu leyti. Aðeins 3 fundir á árinu og Baldur aldrei komið út. Einn fjelagi bætst við um s.l. áramót: Sveinn Egilsson.

II. **Reikningar.** Gjaldkeri Sig. Eiríksson, lagði fram aðalreikning Bjarma 1929, undirskrifaðan af Ingvari Jónssyni. Sýndi hann að fjelagið átti í sjóði kr. 260,54 au og var samþyktur án athugasemda.

III. Guðjón Jónsson las upp fundargerð frá síðasta málfundi þar sem rædd vóru mál til undirbúnings aðalfundi.

IV. **Framtíðarstörf.** a) **Kálgarðurinn.** Reikningur sýndi að afar lítill halli (um 6.00) hafði orðið á rekstri garðsins á árinu sem stafaði af því, að sáð var höfrum í sumt af honum sem engin uppskera varð af, og einnig skemdi frost talsvert af kartöflunum. Eftir miklar umræður um starfrækslu hans, var samþ. svohljóðandi tillaga frá G. Þ. Eiríks.
„Fundurinn samþykkir að hver fjelagsmaður vinni 1/2 dagsverk – gegn sanngjörnu kaupi – í garði fjelagsins næsta ár. Tíman sje undir umsjá Sig. Eiríkssonar, og sjer hann um garðinn að öllu leyti næsta ár, og ræður menn til vinnunnar, það sem vinna fjelagsm. hrekkur ekki."

b) **Heyskapur.** Talað var um að heyja á komandi sumri eins og s.l. sumar og voru fjelagsm. því mjög hlyntir. Var svo borin upp og samþ. eftirfarandi tillaga frá G. Jóns.:
„Fundurinn samþ. að hver fjelagsmaður, leggi til vinnu 6 kl.stundir um sláttinn, og skulu þeir sem vinna þennan ákveðna tíma ekki borga annað árstillag, en ef einhver getur ekki komið á ákveðnum degi borgi hann kr. 5,00. Fela skal stjórninni að sjá um framkvæmdir í málinu."

c.) **Lestrarfjelag Goðdalasóknar:** Nefnd sú sem kosin var á fundi 20 febr. s.l. lagði fram tillögur um samvinnu Lestrarf. Goðd.sóknar og Bjarma. Jón Einarsson las upp

tillögurnar og skýrði tilgang þeirra. Yfir 20 ræður
voru haldnar um málið, en að lokum voru tillögurnar
samþyktar breytingalaust, með 7 atkv. af 9. Eru þær svo hljóðandi:
„Vegna þess að Lestrarfjelagið er þannig statt fjárhags-
-lega, að það sýnist ekki geta náð þeim tilgangi sem til
er ætlast, tekur fundurinn þá ákvörðun að Ungmennafje-
taki að sjer að starfrækja Lestrarf. sem sjerstaka deild
af fjelagsskapnum, með þeim kjörum sem hjer segir:
1. Ungmennafjel. beinir þeirri ósk til núverandi
stjórnar Lestrarfjel. að hún geri tilraun til að afla Lestraf-
tekna með skemtisamkomu og hlutaveltu svo fljótt
sem hún álítur að hagan legt sje.
2. Að stjórn Lestrarf. semji nákvæma skrá yfir þær
bækur sem til eru í fjelaginu, og afhendi þær stjórn
Ungm.f. fyrir næsta vetur og geri á sama tíma full-
-naðar reikningsskil fjelagsins.
3. Ungm.f. tekur að sjer að greiða þær skuldir sem Lestrarf.
kann þá að vera í, fyrir næstu áramót.
4. Ungm.f. leggur árlega fram til bókakaupa þá
fjárupphæð sem það getur mist, án þess að það skaði
þau fyrirtæki sem það kann að hafa með höndum
Þó skal upphæð þessi aldrei vera minni en það, að það

komi hlutfallslega eins mikið frá hverjum meðlimi Ungm.f.
eins og árstillög utanfjelagsmanna eru á hverjum tíma til
Lestrarf. Aftur á móti greiða meðlimir Ungm.f. ekkert sjer-
stakt árstillag til Lestrarfjelagsins.
5. Allir hafa jafnan rjett til Lestrarf. hvort sem þeir
eru meðlimir Ungm.f. eða ekki.
6. Ungm.f. sjer um stjórn Lestrarf. að mestu leyti, þó skal
kjósa einn mann til að sjá um bókakaup í samráði við
stjórn Ungm.f. Einnig skal hann hafa á hendi reikningsfærslu
fyrir Lestrarf. og svo ber honum í samráði við stjórn Ungm.f.
að gera tilraun til að afla Lestrarf. fjár með skemtisamkomu
hlutaveltum eða þ. u. l. Ungm.fjelagar og þeir utanfjel.menn
sem eru meðlimir Lestrarfjel. skulu kjósa þennan mann. Kosning-
-in skal vera til 3ja ára í senn.
7. Á meðan Ungm.f. starfar og uppfyllir þær skyldur ~~sem~~
nefndar eru hjer að framan, hefir það fullan rjett til að nota
sjer þau rjettindi sem það hefir áskilið sjer gagnvart Lestrarfjel.
8. Fari svo, að Ungm.f. hætti að starfa hefir Lestrarf.
fullan rjett til að starfa sem sjálfstætt fjelag með
allar þær bækur sem þá kunna að verða til.“ —
V. <u>Túnrækt.</u> Talað var um túnræktarmál það sem var á
döfinni s. l. ár, og lagt fram samhljóðandi nefndarálit frá Ing. Jónss. og Sig. Eyj.

„Nefndin leggur til að svo framarlega sem allir fjelagsmenn sjeu sammála um að fjelagið rækti túnblett, þá verði blettur sá ~~valinn~~ sem fjelagið getur fengið til eignar á Litluhlíð, tekinn til ræktunar á þessu eða næsta ári."

Eftir töluverðar umræður var borin fram þessi tillaga frá Sig. Eiríkssyni: „Fundurinn samþ. að fjelagið taki til ræktunar 1 hektara sem stendur til boða í Litluhlíð og láti vinna hann svo fljótt sem auðið er." Tillagan var samþ. með 4 atk. móti 2. Þrír sátu hjá.

VI. Lög fjelagsins. Rætt var um að breyta 7 gr. sem erfiðlega reyndist á árinu, og var samþ. eftirfarandi breyting: „Í stað orðanna í 7 gr. í lögum Bjarma: „og eru þeir lögmætir ef 2/3 fjelagsmanna mætir", komi: „og eru þeir lögmætir ef 1/2 fjelagsmanna mætir."

VII. Kosinn 1 maður í stjórn. Sig. Eiríksson endurkosinn með öllum atkv.

VIII. Kosinn Sig. Egilsson til að mæta á aðalfundi S.U.F.S. Til vara: G. Z. Eiríkss.

IX. Kosin „Málfunda nefnd" næsta ár. Guðm. Z. Eir. Guðm. Eiríkss. Breið og Sig. Egilss.

X. Endurskoðandi reikninga endurkosinn Ingvar Jónsson Hóli.

XI. Kosinn gjaldkeri og bókavörður Lestrarf. Goðdl. Jón Einarsson [illegible]

XII. Samþykkt að árstillag utanfjelagsmanna til Lestrarfjel. yrði Kr. 5,00 næsta ár. Fleira eigi fyrir tekið.

Fundargjörð lesin og samþ. Fundi slitið.

Guðjón Jónsson (ritari.)

# Meðlimir U. M. F. Bjarma 1930 og 31.

1. Eiríkur Einarsson Breiðargerði.
2. Guðm. Eiríksson Breið.
3. Ingvar Jónsson Hóli.
4. Sigurður Egilsson Sveinsstöðum.
5. Sveinn Egilsson s. st.
6. Stefán Sveinsson Ýrafelli.
7. Jón Stefánsson Ánastöðum.
8. Sveinn Guðmundsson Bjarnastaðahlíð.
9. Gísli Guðm. son s. st.
10. Guðmundur Ólafsson Litluhlíð.
11. Guðjón Jónsson Tunguhálsi.
12. Sigurður Eiríksson Villinganesi.
13. Guðm. Z. Eiríksson s. st. 12/4 '30.

# Aðalfundargerð

Árið 1931 sunnudaginn 26 apríl: var aðalfundur U.M.F. „Bjarni" haldinn á Tunguhálsi. 9 fjelagar mættu en 4 fjarverandi og þar á meðal formaður. Guðjón Jónsson setti fundinn og skýrði frá störfum fjelagsins s.l. ár, og voru þau lítil önnur en heyskapurinn sem gefið hafði Kr. 64.oo í ágóða. Dagskrá fundarins var:

I Reikningar fjel. s.l. ár. Sig. Eiríksson gjaldkeri lagði fram aðalreikning fjelagsins. Sýndi hann að borgað hafði verið á árinu til Lestrarfjel. Goddalaskn Kr. 200.oo. Á kálgarðinum varð niðurst. 47.oo kr halli því kartöflurnar náðust eigi upp sökum illviðra, og hafragrasið einnig. Tilboð umsjónarmaður garðsins Sig. Ei. borga uppskeruna með kr. 20.oo Var um það rætt og samþ. þessi tillaga: „Fundurinn samþ. að fjelagið beri þann halla sem varð af rekstri kálgarðsins s.l. ár og þeir sem unnu við garðinn fái sitt kaup."
Sig. Eiríksson G. Jónsson Ingvar Jónss. og Jón Stefánsson gáfu eftir vinnu sína við garðinn að upphæð kr. 20.oo
Reikningarnir voru síðan samþyktir.

II Framtíðarstörf: a) Kálgarðurinn. Umræður urðu um garðinn og vildu menn ógjarna leggja í meiri kostnað við hann en orðinn var. Síðast var samþ. að láta hann vera ónotaðan næsta ár.

b) Heyskapur. Rætt var um heyskap á komandi sumri og var samþ. sama fyrirkomulag og s.l. ár.

c) Lestrarfjelagið. Jón Einarsson gjaldkeri og bókavörður fjel. las upp reikninga þess. Sýndu þeir að fjelagið var nú skuldlaust og að töluvert hafði verið aflað af bókum á árinu. Var mikið rætt um tillag og fjáröflun til Lestrarf. á næsta ári. Meðal annars um skemtisamkomu og bögglauppboð, og samþ. eftirfarandi tillaga: „Ungmennafjel. skal halda skemtisamkomu á hentugum tíma á þessu vori og vanda til hennar sem best. Stjórn fjel. og gjaldkeri Lestrarf. skulu sjá um framkvæmdir. Ágóðinn rennur allur til Lestrarfjelagsins. Ungm.f. leggur úr sjóði sínum Kr. 5.oo fyrir hvern fjelaga sinn til Lestrar f. næsta ár."

d) Túnrækt. Eigi hafði neitt verið unnið að túnrækt á árinu og var samþ. með 6 atkv. að láta samþyktina frá síðasta aðalfundi standa óbreytta.

e) Skemtiför. Sig. Egilsson ræddi um að fara skemtiför á árinu og skoraði á fjelaga að beita sjer fyrir því

Var stjórninni falið að leitast fyrir um undirtektir og framkvæmdir í því máli.

III. <u>Húsamningur:</u> Ingvar Jónsson talaði um þinglestur á húsamningnum og lagði fram uppkast að nýjum samningi, samið með það fyrir augum að losna við sekt vegna þess að gamli samningurinn var orðinn of gamall til löggildingar. Var Ing. Jónss. Guðm. Ólafs. og Eiríki Einarss. — sem áður voru kosnir til að sjá um samninginn —, falið að gera hann löglega úr garði.

IV. <u>Stjórn fjel.</u> Eir. Einarss. sendi beiðni á fundinn um að mega ganga úr stjórn og var hún tekin gild. Einnig átti Guðjón Jónsson að ganga úr stjórninni og gaf eigi kost á sjer áfram. Kosnir voru Sigurður Egilsson með 8 atkv. til 3ja ára og Guðm. Ólafsson til eins árs.

V Kosinn fulltrúi á aðalf. S.U.F.S. Sig. Egilss. Til vara G. J. Eiríks

VI Kosinn endurskoðandi reikninga Ingvar Jónsson.

Fleira eigi rætt. Fundi slitið.

Að fundi loknum flutti Jón Einarsson kvæði: „Til ungmenninga“ frá „Geir“. G.J. þakkaði fyrir hönd fjelagsins og bað um að mega rita það í Bók[illegible]

Guðjón Jónsson
(ritari.)

## Aðalfundargerð 1932.

Mánudaginn 28 mars 1932 var settur aðalfundur í U.M.F. „Bjarmi“ á Tunguhálsi voru 6 fjel. mættir en þar sem Ingvar á Hóli hafði sagt sig úr fjel. úrskurðaði form. fundinn lögmætan þar sem helmingur fjelaga væri mættur. Síðar bættist svo einn við. Form. nefndi til ritara G. Jónsson í fjarveru Guðm. Ólafssonar, og fór síðan nokkrum orðum um starfsemi á liðna árinu. Gaf síðan Sig. Eiríkss. gjaldkera orðið. Hafði hann eigi getað fullgert reikningana og gaf því lauslegt yfirlit yfir tekjur og gjöld á árinu. Sýndi það að skuld hafði safnast hátt á annað hundrað Kr. Hafði verið byrjað á ræktun á ca 3 dagsl. í Litluhlíð og landið plægt og herfað og settir niður staurar og hljóp sá kostn. rúml. Kr 400.00 Urðu allsnarpar umræður um þann lið reikninganna. Var síðan samþ. þessi tillaga: Fundurinn samþ. að fresta frekari umræðum um reikningana til síðari tíma og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“ Næst las Jón Einarss. upp reikninga Lestrarfjel. Goðdala sóknar. Sýndu þeir að í sjóði var um áramót rúml. Kr 50.00 og safnaðar reikn. rúml. Kr. 200.00 Voru þeir síðan samþyktir.

Árstillag: Þar var samþ. svohljóðandi tillaga: Árstillag fjelaga sje Kr 6.00 næsta ár. Stjórninni sje falið að sjá um að fjel. menn geti unnið tillagið af sjer við heyskap eða í kaupavinnu að svo miklu leyti sem hægt er. Þó er enginn skyldur að vinna lengur en

8 kl. st. og peningaborgun má eigi fara fram úr kr. 2.00 fyrir þá sem minna tilsettan tíma. Tillag til Lestrarfj. sje kr. 5 eins og s. l. ár."

Þá var rætt um skemtisamkomur og þær samþ. eftir farandi. Fundurinn ákveður að halda skemtisamkomu í vor og felur stjórninni frekari framkvæmdir.

Tímvaktarmál fjel. var mikið rætt í sambandi við reikningana. Guðj. Jónss. vildi fresta öllum framkvæmdum í því máli næsta ár og bar fram tillögu þar að lútandi var hún feld með 5 atkv. móti 2. Næst bar Guðm. Z. Eir. fram eftir farandi tillögu: Fundurinn samþ. að halda áfram með vaktum á bletti fjelagsins, eftir því sem ástæður leyfa, og felur stjórninni framkvæmdir í málinu." (Samþ. með 5 atkv.)

Þá var kosinn Guðm. s. Kosinn í stjórn með 5 atkv. í stað Guðm. Ólafssonar og fulltrúi á sambandsfund Sv. Guðmsson. Endurskoðandi reikn. var kosinn Guðm. Breið.

Þá stóð upp Guðjón Jónsson og lýsti því yfir að hann segði sig úr fjel. vegna þess að hann treysti sjer eigi til að bera auknar skuldabyrðar af væntanlegum framkvæmdum í tímvaktarmáli fjelagsins. Einnig lýsti Guðm. Z. Eiríksson því yfir að hann segði sig úr fjel. en tilgreindi eigi orsakir. Sig. Egilsson formaður taldi úrsagnir þessar eigi löglega fram komnar og skoraði á fundinn að taka þær eigi gildar. Fundi síðan slitið.

Gj. Jónsson (settur ritari)

# Aðalfundargerð (framhald) 1932.

Fimtudaginn 5. maí 1932 var framh. aðalfundar U. M. F. „Bjarmi" sett og haldið að Tunguhálsi; þetta gjörðist:

1. Fjehirðir fjel. lagði fram reikninga fyrir síðasta l. ár og bar hann með sjer að fjelagið skuldar kr 182,63 og var hann samþiktur athugasemdalaust

2. Minst á hvað gera skildi viðvíkjandi girðingu þeirri sem að nú er í kring Sáðgarð fjel. á Tunguhálsi. Sig Eir. stakk uppá að grasfræi yrði sáð í blett þennan en Guðm á Breið áleit hyggilegast að taka upp girðinguna og selja vír og staura. Eftir nokkrar umræður kom fram svohljóðandi tillaga. „Fundurinn samþikkir að taka girðinguna upp og selja hana eða fela stjórninni að ráðstafa henni á annan hátt.

3. Lagabreiting. Form. taldi að bindindisákvæðið stæði fjel. fyrir þrifum og vildi láta afnema það úr lögum fjel. Guðm á Breið mælti kröftuglega með bindindinu, og skoraði á fjelaga að nema á máti allri áfengisnautn og helst tóbaksnautn líka. Eftir nokkrar umr. kom fram svohl. tillaga frá Sig Egils: Fundurinn samþikkjir að

fella úr lögum fjel. deilt 3. greinar og svo 4. grein og breitist því raðtala greinanna eftir því þannig að 5. grein verði 4 grein o. s. fr. Tillagan borin undir atkvæði og samþikt m 3 - 1

4. Kom fram fyrirspurn frá G. J. á Tungu hálsi um það hvort úrsögn úr fjel. sem kom fram í byrjun Aðalfund yrði tekin gild eða ekki. Form. sagði að hún yrði tekin til greina

5. Gengu í fjel: Ólafur í Bústöðum Böðvar samast. Ragnar í Svartárdal og Stefán í Gilhaga

6. Ólafur Tómasson hóf máls á því að tilag U.M.F. Bjarma til Lestrarfjelags Goddalasóknar væri of hátt og að ungmennafjelagið legði meira af mörkum við L. G. en það væri fært fjárhags lega

Eftir talsverðar umræður með og móti kom Ó. T. fram með svohljóðandi tillögu:

Fundurinn samþikkir að ungmennafjelagið greiði Lestrarfjelagi Goddalasóknar upphæð er nemi kr 5.00 fimm Krónum frá heimili sem telji 3 ungmennafjelaga. Viðbót við 3ja lið samþikt að nema úr lögum ákvæðið um útgáfu bladsins „Baldur" 7. Tillög kvenna og unglinga: Kom fram tillaga frá Ól. Tómass. svo hljóðandi: Fundurinn samþikkjir að Kvenfólk greiði árstillög til fjelagsins 4 kl tíma heyvinnu og kr 1.00 í peningum eða krónur 2.00 Unglingspiltar greiði ekki annað till. til fermingar aldurs en heyvinnu að einkverja leiti en frá fermingu til 18 ára alldurs sama till. og kvenfolk

8. Kom Jón Einarsson fram með ósk um að fundarm. komu með uppástungur um kaup á sjerstökum bókum til Lestrarfjelagsins ef þeir hefðu ungastað á einhverjum. Jóni falið að annast bókakaupin eins og að undanförnu

9. Sambandsmál: Kosinn 1 fulltrúi á Sambandsfund; Sigurður Egilsson hlaut kosningu

10. Guðm Eiríksson í Bakkakoti bað það bókuð að honum teki aftur úr sögn sína úr fjelaginu.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargjörð lesin upp og samþikt. Fundi slitið

G Ó - vettur } (ritari)
Sveinn Guðmundsson }

# Aðalfundargerð U. M. F. B. 1933.

Sunnudaginn ~~24 apríl~~ 18 Febrúar, ár 1933, var aðalfundur U. M. F. Bjarmi haldinn á Tunguhálsi.
Formaður Sig. Egilsson setti fundinn og stýrði ~~(nefndi til fundarstjóra Gísla Guðm. s.)~~ honum. og nefndi til skrifara Stefán Erlendss.

Dagskrá fundarins var:

I. Formaður skýrði frá að úr fjelaginu hefðu gengið, Guðm. Eiríksson Breið Sveinn Egilss. og Guðm. Sveinbjörnsson. En að í fjelagið hefði gengið Jón Guðmundsson.

II. <u>Reikningar</u> fjelagsins síðast liðið ár. Sig. Eiríksson gjaldkeri lagði fram aðalreikning fjelagsins og skýrði hann. Fjelagið á í sjóði samkv. reikningi Kr. 99.au 22. Reikningarnir voru síðan samþyktir í einu hljóði.

III. <u>Túnræktarmál.</u> Allmiklar umræður urðu um það mál, misjafnt hvað menn vildu leggja mikið fje í ræktun, að lokum samþykt svo- ~~hlj~~ hljóðandi tillaga frá gjaldkera: Fundurinn samþykkir að kaupa grasfræ í 2 dagslættur af ræktun fjelagsins og fela stjórninni framkvæmdir í því.

IV. <u>Lestrarfjelagið.</u> Jón Einarsson gjaldkeri og bókavörður fjel. skýrði frá starfi fjel. og lagði fram reikninga þess og skýrði þá. Fjelagið á í sjóði samkv. reikningi Kr. 24,55 au. Voru reikningarnir síðan samþyktir.
Þá var rætt um tillag til lestrarfjel. og kom svohljóðandi tillaga frá gjaldkera lestrarfjel. Fundurinn samþykkir að það komi 2 tillög frá helming af þeim heimilum sem telja tvo eða fleiri meðlimi í ungmennafjelaginu. Tillagan var feld. Kom þá gjaldkeri U.M.F.B. með tillögu svohljóðandi: Fundurinn samþykkir að greiða á næsta ári Kr. 5,00 úr sjóði U.M.F.B. til lestrarfjel. fyrir hvert heimili sem Ungm. f. á meðlimi á. Tillagan var samþykt. Næst ~~var~~ var kosin gjaldkeri Lestrafj. og var Jón Einarsson endurkosinn til eins árs.

Einnig var ákvedid ad gjalddagi á till.
til Lestrarfjel. væri fyrir Októbermán-
adar lok.

V. Ársgjald. Var sidan rætt um tillög
fjelaga til U.M.F.B. Svohljódandi
tillag kom og var samþykt:
Fundurinn samþykkir ad tillög
fjelagsmanna haldist óbreitt og sje
stjórninni falid ad reyna ad ~~útvega~~
sjá um ad fjelagar geti unnid
af sjer gjaldid gegn 50 aura gjaldi á kl.

VI. Kosning. Var sv kosid í varastjórn
fjelagsins, þessir hlutu kosningu:
Stefán Erlendsson. Bödvar Tómasson Gísli Gudmundsson
Kosnir á sambandsfund: Stefán Erl.ss.
Bödvar Tómass. Sigurdur Egilss.
Kosin skemtinefnd Sig Egilss Gudlaug Egilsd.
Stefán Erlendsson.
Kosinn endurskodandi reikninga
Ólafur Tómasson.

VII. ~~Rætt~~ var um ad kaupa harmoniku
fyrir fjelagid og bauðst Sveinn Gudm.ss.
til ad kaupa hana ad hálfu á móti
fjelaginu og spila fyrir ekki neitt
á samkomum fjelagsmanna, en gegn
borgun þegar fjelagid hjeldi opin berar
samkomur.

Fleira var ekki tekid til umræðu.
Fundargjörd lesin upp og samþykt.
Fundi slitid.

Sigurdur Egilsson. fundarstjóri
(Formadur U.M.F.B.)

Stefán Erlendsson.
(settur skrifari)

Innfært eftir blödum.
Gudm. L. Eiríksson.
H.

Meðlimir U. M. F. Bjarma 1933.

1. Eiríkur Einarsson Syðingsstöðum.
2. Guðmundur Z. Eiríksson Teigakoti.
3. Sigurður Egilsson Sveinsstöðum.
4. Guðlaug Egilsdóttir s. st.
5. Benedikt Egilsson s. st.
6. Sigurður Eiríksson Villinganesi.
7. Aðalsteinn Eiríksson s. st.
8. Petrín Einarsdóttir s. st.
9. × Guðrún Eiríksdóttir s. st.
10. × Sveinn Hjálmarsson Tunguhálsi.
11. Ólafur Tómasson Bústöðum.
12. × Böðvar Tómasson s. st.
13. × Hjálmar Sveinsson Gilsum.
14. Jón Jónsson Hofi.
15. × Guðmundur Ólafsson Litluhlíð.
16. Sveinn Guðmundsson Bjarnastaðahlíð.
17. Gísli Guðmundsson s. st.
18. Ragnar Ófeigsson Svartárdal.
19. Páll Bjarnason Grímsstöðum.
20. Stefán Sveinsson Ýrafelli.
21. Jón Stefánsson Ánastöðum.
22. Stefán Erlendsson Gilhaga.
23. Helgi Sveinbjörnsson Breiðagerði.
24. Jón Guðmundsson Breið.
25. Jón Ingvarsson Hóli.
26. × Gunnar Sveinbjörnsson Breiðagerði.

H.

# A-ð-a-l-f-u-n-d-a-r-g-e-r-ð- 1935.

Árið 1935. fimmtudaginn 30. maí, var aðalfundur Ungmennafélagsins Bjarma, haldinn á Tunguhálsi. Gjaldkeri félagsins, Sigurður Eiríksson í Villinganesi setti fundinn, og nefndi til fundarstjóra Jón Stefánsson Anastöðum. og til fundarritara Jón Ingvarsson Héraðsdal.

Þetta gerðist á fundinum.

I Gjaldkeri lagði fram tveggja ára reikninga félagsins, og voru þeir samþykktir athugasemda laust.
Reikningurinn yfir árið 1934. sýndi að félagið átti við síðustu áramót kr. 71,07

II Kosin stjórn félagsins.
Kosningu hlutu. Helgi Sveinbjörnsson Teigakoti (formaður)
Jón Jónsson Hofi (gjaldkeri.)
Jón Ingvarsson Héraðsdal (ritari)

III Næsta mál á dagskrá var að ræða um Lestrarfélag Goðd.sóknar
Jón Einarsson á Tunguhálsi lagði fram reikning félagsins yfir árið 1934, var hann samþykktur án athugasemda.
Reikningurinn bar með sér að félagið skuldaði við síðustu áramót kr. 6,35.

Þá var rætt um framtíðarstarfsemi félagsins.

Eftir nokkrar umræður gaf Jón Einarsson kost á því að starfa næsta ár í þágu Lestrafélagsins eins og verið hefði.
Þá bar Jón fram þá ósk til fundarins að haldin væri skemmti samkoma, með hlutaveltu, til eflingar Lestrarfélaginu. En Sigurður í Villinganesi taldi að Ungmennafélagið mætti ekki missa af þeim tekjum, og var fundurinn því samþykkur.
Þá bar Jón á Ánastöðum fram tillögu þannig, að halda skyldi skemmtisamkomu með hlutaveltu, og ágóðanum skipt milli félaganna þannig, að Ungmennafélagið hefði ágóðann af skemmtisamkomunni, en Lestrarfélagið ágóðann af hlutaveltunni, og var það samþykkt.
Þá var samþykkt að Ungmennafélagið greiddi til Lestrarfélagsins kr. 5,00 fyrir hvert heimili sem hefði meðlimi í Ungmennafélaginu gegn því að þau heimili mættu nota bækur Lestrarfélagsins eins og verið hefði.
Sama gjald skal koma frá hverjum meðlim Lestrarfélagsins, sem er utan Ungmennafélagsins.

IV. Árstillag félagsmanna var ákveðið sama og síðast liðið ár.

V. Túnræktarmál.

Þegar þetta mál var tekið til umræðu, kom deyfð mikil í fundarmenn og vildu sem minnst um það ræða, vildu fresta framkvæmdum í því máli til næsta árs, töldu svo áliðið tímans

að ekki væri hægt að útvega áburð á blettinn, og sumir vildu jafnvel hætta við að rækta þennan túnblett.
Að síðustu gafst fundurinn upp við að ræða málið, og samþykkti að láta það bíða til næsta árs.
Fleiri mál voru ekki tekin fyrir, og var því fundi slitið.
Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Meðlimir Ungmennafélagsins Bjarma.
1935.

1. Helgi Sveinbjörnsson Teigakoti.
2. Jón Jónsson Hofi.
3. Jón Ingvarsson Héraðsdal
4. Jón Guðmundsson Breið.
5. Jón Stefánsson Ánastöðum.
6. Aðalsteinn Eiríksson Villinganesi.
7. Benedikt Egilsson Sveinsstöðum.
8. Sigurður Egilsson sama st.
9. Guðlög Egilsdóttir sama st.
10. Sigurður Eiríksson Gilhaga.
11. Guðmundur L. Eiríksson (sama st.) Svartárdal.
12. Páll Bjarnason Grímsstöðum.
13. Ragnar Ófeigsson Svartárdal.
14. Stefán Erlendsson Gilhaga.
15. Ólafur Tómasson Bústöðum.
16. Sveinn Guðmundsson Bjarnastaðahlíð.
17. Gísli Guðmundsson sama st.

A-ð-a-l-f-u-n-d-a-r-g-e-r-ð. 1936

Árið 1936, laugardaginn 29. febr. var aðalfundur Ungmennafélagsins Bjarma haldinn á Tunguhálsi. Formaður félagsins setti fundinn.

1. Gjaldkeri félagsins Jón Jónsson á Hofi, lagði fram reikning félagsins yfir árið 1936, og var hann samþykktur athugasemdalaust. Reikningurinn bar með sér að eign félagsins var við áramót 1936-37 kr. 109.08.

2. a. Þar næst lagði Jón Einarsson á Tunguhálsi fram reikning Lestrarfélags Goðdalasóknar yfir sama ár, og var hann einnig samþykktur án athugasemda. Reikningurinn bar með sér að félagið átti í sjóði við áramót kr. 23,15.

b. Þá var samþykkt að kaupa tímaritið Jörð það sem út var komið af því, sem voru 4. árgangar.

c. Þá var að kjósa mann í stjórn Lestrarfélagsins, og gaf Jón Einarsson kost á að starfa við það næsta ár, með því móti að Ungmennafélagið styrkti það eftir getu, og var stjórn Ungm. f. fús til þess.

d. Næst var talað um að halda skemmtisamkomu með hlutaveltu á næsta vori til styrktar Lestrarfélaginu.

ð. Jón á Hofi talaði um að styrkja Lestrarfélagið ríflega næsta ár, gegn því að Ungm. f. eignaðist hluta af

bókunum, ef að Lestrarfélagið Feyslið upp.
Það var töluvert rætt um þetta og voru skiptar skoðanir um það. Jón Einarsson lét í ljósi að hann teldi þetta varla fært vegna ýmissa orsaka.
3. Þá var rætt um hvert mönnum sýndist að halda áfram að rækta túnblettinn hjá Litlahlíð.
Guðmundur J. Eiríksson bar fram svohljóðandi tillögu í málinu. Fundurinn samþykkir að vinna að ræktun á bletti þeim sem félagið á hjá Litlahlíð, og verja til þess tekjum félagsins, eftir því sem framast er talið fært, og fela stjórninni framkvæmdir.
Tillagan var dálítið rædd, og síðan borin undir atkvæði og felld.
Þá bar formaður upp svohljóðandi tillögu.
Fundurinn samþykkir að hverfa frá túnræktinni, og gera sér eitthvað úr girðingunni, stjórninni falið að selja hana hæstbjóðanda.
Tillagan samþykkt með miklum meiri hluta atkvæða.
4. Þá bar formaður undir fundinn, hvort árstillagið ætti ekki að vera sama og næsta ár, og var það samþykkt.
5. Kosinn einn maður í stjórn félagsins.
Jón Ingvarsson endurkosinn.
6. Kosinn endurskoðandi reikninga félagsins.
Jón Stefánsson Ánastöðum hlaut kosningu.
Fleiri mál ekki til umræðu, og var því fundi slitið.

Meðlimir U.M.F. Bjarma, árið 1936.

1. Helgi Sveinbjörnsson Teigakoti.
2. Jón Jónsson Hofi.
3. Jón Ingvarsson Heraðsdal.
4. Jón Stefánsson Árnastöðum.
5. Jón Guðmundsson Breið.
6. Guðmundur L. Eiríksson Gilhaga.
7. Sigurður Eiríksson sama st.
8. Páll Bjarnason Grímsstöðum.
9. Ragnar Ófeigsson Svartárdal.
10. Sigurður Egillsson Sveinsstöðum.
11. Benedikt Egillsson sama st.
12. Guðlög Egillsdóttir sama st.
13. Aðalsteinn Eiríksson Villinganesi.
14. Ólafur Tómasson Bústöðum.
15. Stefán Erlendsson Bakkakoti.
16. Sveinn Guðmundsson Bjarnastaðahlíð.
17. Gísli Guðmundsson sama st.

A-ð-a-l-f-u-n-d-a-r-g-e-r-ð
U.M.F. Bjarma.

Árið 1937, fimmtudaginn 6. maí var aðalfundur U.M.F. Bjarma settur og haldinn að Tunguhálsi.

Dagskrá fundarins.

1. Lesnir upp reikningar félagsins.
2. Talað um Lestrarfélag Goðdalasóknar.
3. Kosinn 1. maður á sambandsfund S.L.S.
4. Ýms málefni er upp verða borin.

Þá las gjaldkeri upp endurskoðaða reikninga félagsins síðast liðið ár, og voru þeir samþykktir athugasemdalaust. Næst var laggður fram reikningur Lestrarfélagsins s.l. ár og var hann samþykktur án athugasemda. Reikningurinn syndi að félagið átti í sjóði við s.l. áramót kr. 21,00.
Var síðan talað um framkvæmdir félagsins af Jóni Einarssyni fór hann fram á að U.M.F.B. leggði fram til Lestrarfél. ca 10. kr. fram yfir það vanalega, gegn því að hann sæi um að það kæmi tillag frá Tunguhálsi, þetta var samþykkt.
Einnig fór hann fram á að haldin yrði skemmtisamkoma á Tunguhálsi á þessu vori til að efla Lestrarfélagið, var það einnig samþykkt, og kosin þriggja manna nefnd til að sjá um þetta. Kosningu hlutu. Helgi Sveinbjörnsson Stefán Erlendsson

og Sigurður Egilsson. Þá var Jón Jónsson á Hofi kosinn til að mæta sem fulltrúi á aðalfundi S.L.S. á næsta sumri. Kosinn 1. maður í stjórn, í stað Jóns Jónssonar, var hann endurkosinn. Þá kom úrsögn frá Sigurði Eiríkssyni Teigakoti.
Aftur kom inntökubeiðni í félagið frá Ingibjörgu Gísladóttir Breiðargerði.

Fleiri mál voru ekki til umræðu, og var því fundi slitið.

Fundargjörð lesin upp og samþykkt.

Meðlimir U.M.F. Bjarma árið 1937.

1. Helgi Sveinbjörnsson Sölvanesi.
2. Jón Jónsson Hofi.
3. Jón Ingvarsson Héraðsdal.
4. Jón Stefánsson Ánastöðum.
5. Jón Guðmundsson Breið.
6. Páll Bjarnason Grímsstöðum.
7. Ragnar Ófeigsson Svartárdal.
8. Ólafur Tómasson Bústöðum.
9. Stefán Erlendsson Bakkakoti.
10. Sveinn Guðmundsson Bjarnastaðahlíð.
11. Gísli Guðmundsson sama st.
12. Aðalsteinn Eiríksson Villinganesi.
13. Guðmundur L. Eiríksson Gilhaga.
14. Sigurður Egilsson Sveinsstöðum.
15. Benedikt Egilsson sama st.
16. Guðlaug Egilsdóttir sama st.
17. Ingibjörg Gísladóttir Breiðargerði.

# A-ð-a-l-f-u-n-d-a-r-g-e-r-ð-

## Ungmennafélagsins Bjarma 1938.

Árið 1938, sunnudaginn 27. marz var aðalfundur U. M. F. Bjarma haldinn að Tunguhálsi. Formaður félagsins Helgi Sveinbjörnsson Sölvanesi stýrði fundinum, og nefndi til ritara Jón Guðmundsson Breið. Þetta gjörðist á fundinum.

1. Gjaldkeri félagsins, Jón Jónsson á Hofi lagði fram reikning félagsins yfir árið 1937, með tilheyrandi fylgiskjölum og var hann samþykktur án athugasemda.
2. Næst var kosinn 1. maður í stjórn félagsins, í stað Helga Sveinbjörnssonar, kosningu hlaut Jón Guðmundsson Breið.
3. Þá lagði gjaldkeri Lestrarfélags Goðdalasóknar Jón Einarsson á Tunguhálsi, fram reikning félagsins yfir árið 1937. og var hann samþykktur athugasemda laust. Reikningurinn bar með sér að félagið átti í sjóði við síðustu ára mót Kr. 8,30
4. Næst var umsjónarmaður og gjaldkeri félagsins kosinn og var Jón Einarsson endurkosinn til eins árs.
5. Þá var samþykkt að næsta ár væri sama samband milli félaganna og hefir verið síðast liðið ár, með sömu kjörum, og árgjald frá meðlimum félagsins væri Kr. 5—
6. Næst var talað um starfsemi félagsins á þessu ári. Gjaldkeri félagsins bar fram þá tillögu að haldin yrði skemmtisamkoma með hlutaveltu til styrktar félaginu á næsta vori, og var það samþykkt í einu hljóði.
7. Þá voru kosnir þrír menn til aðstoðar gjaldkera við samkomuna, kosningu hlutu, Helgi Sveinbjörnsson Jón Jónsson og Sveinn Guðmundsson.
8. Þá bar gjaldkeri U. M. F. Jón Jónsson fram svo hljóðandi tillögu. Fundurinn samþykkir að, þeir sem ekki hafi greitt yfirstandandi árs tillög sin fyrir 15. nóv. þ. á. njóti ekki bókanna næsta vetur. Tillagan var samþykkt í einu hljóði.

Fleiri mál voru ekki til umræðu, og var því fundi slitið.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Meðlimir U.M.F. Bjarma árið 1938.

1. Jón Guðmundsson Breið.
2. Jón Jónsson Hofi.
3. Jón Ingvarsson Héraðsdal.
4. Jón Stefánsson Ánastöðum.
5. Páll Bjarnason Grímsstöðum.
6. Ragnar Ófeigsson Svartárdal.
7. Ólafur Tómasson Bústöðum.
8. Stefán Erlendsson Bakkakoti.
9. Sveinn Guðmundsson Bjarnastaðahlíð.
10. Gísli Guðmundsson sama st.
11. Aðalsteinn Eiríksson Villinganesi.
12. Ingibjörg Gísladóttir Breiðargerði.
13. Sigurður Egillsson Sveinsstöðum.
14. Benidikt Egillsson sama st.

## Aðalfundargerð. (1939).

2 April 1939 var Aðalfundur U M F Bjarmi haldinn að Tunguhálsi mættir voru 7 meðlimir Formaður Jón Guðmundsson setti fundinn og skipaði fundarstjóra Jón Stefánsson

Störf fundarins voru

I Lesnir upp reikningar fél og ekkert við að athuga sömuleiðis lesnir upp reikningar Lestrarfélagsins og samþyktir í einu hljóði

II gamlar skuldir.
gjaldkeri fél Jón Jónsson lagði fram tillögu um að strika niður um helming gamlar skuldir manna við fél annað var ennþá innheimtist því betur en skuld Eiríks Ómars gilti niður Tillagan samþ.

III- Rætt um samvinnu U M F B við Lestrarfél var samþ að slíta þeirri samvinnu

IIII Ársgjöld skulu vera Kr 2/00 fyrir fullorðna en Kr. 1/00 fyrir kvenfólk og unglinga og miðast það við 16 ára

V Kosinn 1 maður í stjórn (Stefán Erlendsson) úr fél gengu Jón Ingvars Aðalst. Eiríksson.
fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið

48 auðar síður